

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2014

Dómareifanir

1. hefti 2014 (janúar–júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Ásgerður Ragnarsdóttir
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2014 (janúar–júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í umræðu um tengsl Mannréttindadómstóls Evrópu við dómstóla aðildarríkja er æ oftast vísað til þess að mikilvægt sé að auka samræðu (dialogue) milli dómstóla. Var það eitt helsta markmið 16. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu sem var samþykktur 2. október 2013. Viðaukinn gerir æðstu dómstólum aðildarríkjanna kleift að leita ráðgefandi álits frá MDE um grundvallarspurningar sem tengjast túlkun ákvæða sáttmálans í málum sem eru til meðferðar hjá þeim. Viðaukinn er um margt sérstæður, m.a. fyrir þá sök að hann er valkvæður fyrir aðildarríki og öðlast gildi þegar 10 ríki hafa fullgilt hann. Þegar hafa 14 ríki undirritað hann en ekkert ríki hefur fullgilt hann.

Erfitt er að átta sig á hvort 16. viðauki er líklegur til að bæta framkvæmd sáttmálans í aðildarríkjunum og jafnvel fækka kærur til Mannréttindadómstólsins til lengri tíma. Hafa ýmsir lýst áhyggjum af því að hin nýja ráðgefandi lögsaga kunni að auka vinnuálag hans sem er ærið fyrir. Gagnsemi þessa úrræðis ræðst af því hvort MDE getur tekið beiðni innanlandsdómstóla um ráðgefandi álit fram fyrir þá löngu röð mála sem bíða afgreiðslu. Lendi slík beiðni aftast í biðröðinni í Strasbourg verða óhæfilegar tafir á málsmeðferð hjá dómstól aðildarríkis sem óskaði álitsins enda frestast hún þar til álitnið liggur fyrir. Yrði þá vandséð hvernig viðaukinn bætir réttindi aðila að slíku dómsmáli.

Ekki er ljóst hvernig viðaukinn nær því markmiði að auka samræðu milli dómstóla. Í stuttu máli má segja að það sé kallað samræða milli dómstóla þegar innanlandsdómstóll setur fram rökstudda gagnrýni á túlkun Mannréttindadómstólsins í dómum sem sá síðarnefndi hefur kveðið upp í kæruráli gegn viðkomandi ríki. Slík gagnrýni kann að leiða til þess að Mannréttindadómstóllinn taki tillit til hennar í síðari málum um svipað úrlausnarefni gegn sama ríki og breyti afstöðu sinni. Sú breytta framkvæmd dómstólsins getur síðan haft áhrif á úrlausnir Mannréttindadómstólsins í málum gegn öðrum ríkjum. Með þessu móti geta dómstólar aðildarríkjanna lagt sitt af mörkum við þróun í framkvæmd sáttmálans.

Í dómi Mannréttindadómstólsins í máli Lillo-Stenberg og Sæther gegn Noregi sem reifaður er í þessu hefti sést glöggst hvernig áhrif þýska stjórnlagadómstólsins hafa náð út fyrir samræðu sem hann átti við Mannréttindadómstóllinn í kjölfar dóms MDE í máli Karólínu prinsessu af Mónakó (Von Hannover gegn Þýskalandi) frá árinu 2004. Þar taldi MDE að þýska ríkið hefði brugðist skyldu sinni til að vernda friðhelgi einkalífs kæranda fyrir myndatökum fjölmiðla og brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Í síðari kærurálmum sem Mannréttindadómstóllinn fékk til meðferðar gegn Þýskalandi um mörk friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. og tjáningarfrelsis fjölmiðla skv. 10. gr. tók hann tillit til röksemda stjórnlagadómstóls Þýskalands um hvernig ætti að finna jafnvægi milli þessara stríðandi hagsmuna og setti fram nýjar meginreglur. Í máli Lillo Stenberg rökstuddi Hæstiréttur Noregs ítarlega hvernig þessar meginreglur ættu við í mati á því hvort fjölmiðill hefði gengið of langt í birtingu mynda af einkalífi opinberra persóna. Féllst MDE á að veigamiklar ástæður þyrfti til að hann endurskoðaði það mat.

Laganemarnir Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir og Halldór Hrannar Halldórsson unnu reifanirnar sem hér eru birtar, en umsjónarmaður með heftinu var Hrafn Bragason fyrrv. hæstaréttardómari.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

1. hefti 2014 (janúar – júní)

2. gr. Réttur til lífs	9
Jelić gegn Króatíu. Dómur frá 12. júní 2014	
<i>Manndráp. Rannsókn. Jákvæðar skyldur stjórnvalda</i>	9
 3. gr. Bann við pyndingum	10
Lindström og Mässeli gegn Finnlandi. Dómur frá 14. janúar 2014 (sjá reifun undir 8. gr.).	
O'Keeffe gegn Írlandi. Dómur frá 28. janúar 2014	
<i>Einkaskólar. Börn. Kynferðisleg misnotkun. Ábyrgð ríkisins</i>	10
<i>Rannsókn. Raunhæft réttarúrræði</i>	10
Öcalan gegn Tyrklandi (2). Dómur frá 18. mars 2014	
<i>Fangar. Einangrun Lífstíðardómur án möguleika á reynslulausn</i> ,	13
Semikhvostov gegn Rússlandi. Dómur frá 6. febrúar 2014	
<i>Fangar. Aðbúnaður og aðstoð við fatlaða. Raunhæft réttarúrræði</i>	15
Tali gegn Eistlandi. Dómur frá 13. febrúar 2014	
<i>Fangar. Þvingunaraðgerðir</i>	17
W.H. gegn Svíþjóð. Dómur frá 27. mars 2014	
<i>Hælisleitendur. Brottvisun. Hætta á ómannlegri meðferð</i>	18
M.E. gegn Svíþjóð. Dómur frá 26. júní 2014	
<i>Hælisleitendur. Hætta á ofsóknum vegna kynhneigðar</i>	19
 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	21
Taranenko gegn Rússlandi. Dómur frá 15. maí 2014 (sjá reifun undir 10. gr.).	21
Krupko o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 26. júní 2014 (sjá reifun undir 9. gr.)	21
 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	22
Jones o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 14. janúar 2014	
<i>Friðhelgi ríkja. Lögsaga. Þjóðréttarreglur</i>	22
Karaman gegn Þýskalandi. Dómur frá 27. febrúar 2014	
<i>Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð</i>	23
Howald Moor o.fl. gegn Sviss. Dómur frá 11. mars 2014	
<i>Aðgangur að dómstólum. Skaðabótakrafa. Fyrningarreglur</i>	25
Müller gegn Þýskalandi. Dómur frá 27. mars 2014	
<i>Lífstíðardómur. Reynslulausn. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð</i>	26

Baka gegn Ungverjalandi. Dómur frá 27. maí 2014 <i>Embættismissir. Réttur til aðgangs að dómstólum.</i> <i>Stjórnarskrárbreytingar.</i>	27
Margus gegn Króatíu. Dómur frá 27. maí 2014 (sjá reifun undir 4. gr. 7. viðauka).....	29
7. gr. Engin refsing án laga	30
Öcalan gegn Tyrklandi (2). Dómur frá 18. mars 2014 (sjá reifun undir 3. gr.)..	30
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	31
Lillo-Stenberg og Sæther gegn Noregi. Dómur frá 16. janúar 2014 <i>Fjölmíðlar. Opinberar persónur. Birting ljósmynda.</i>	31
Lindström og Mässeli gegn Finnlandi. Dómur frá 14. janúar 2014 <i>Fangar. Fangabúningar. Einangrun. Ómannleg og vanvirðandi meðferð. Mannleg reisn.</i>	33
Öcalan gegn Tyrklandi (2). Dómur frá 18. mars 2014 (sjá reifun undir 3. gr.) Biao gegn Danmörku. Dómur frá 25. mars 2014 <i>Útlendingar. Dvalarleyfi. Reglur um ríkisborgararétt. Sameining fjölskyldu.</i>	35
Udovičić gegn Króatíu. Dómur frá 24. apríl 2014 <i>Ónæði á heimili. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.</i>	36
L.H. gegn Litháen. Dómur frá 29. apríl 2014 <i>Persónuupplýsingar. Aðgangur að sjúkraskrá. Lagaheimild fyrir takmörkun.</i>	38
López-Guió gegn Slóvakíu. Dómur frá 3. júní 2014 <i>Haag-samningur um brottnam barna. Málsmeðferð.</i>	39
I.S. gegn Þýskalandi. Dómur frá 5. júní 2014 <i>Börn. Ógilding attleiðingar.</i>	40
Mennesson og Labassee gegn Frakklandi. Dómur frá 26. júní 2014 <i>Börn. Staðgöngumæðrun. Lagaleg tengsl barns við foreldri.</i>	41
9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi	43
Bibliumiðstöð Chuvashlýðveldisins gegn Rússlandi. Dómur frá 12. júní 2014 <i>Trúfélög. Skólarekstur. Starfsleyfi.</i>	43
Krupko o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 26. júní 2014 <i>Trúfélög. Trúarleg samkoma. Handtaka. Frelsisvipting</i>	44
10. gr. Tjáningarfrelsi	46
Ojala og Etukeno Oy og Ruusunen gegn Finnlandi. Dómar frá 14. janúar 2014 <i>Opinberar persónur. Stjórnámálamenn.</i>	46

Efnisyfirlit

Pentikäinen gegn Finnlandi. Dómur frá 4. febrúar 2014	
<i>Mótmæli. Fyrirmæli lögreglu. Blaðamenn.</i>	48
Mladina D.D. Ljubljana gegn Slóveníu. Dómur frá 17. apríl 2014	
<i>Stjórnmálamenn. Gildisdómar.</i>	49
Brosa gegn Þýskalandi. Dómur frá 17. apríl 2014	
<i>Stjórnmálamenn. Gildisdómar.</i>	50
Taranenko gegn Rússlandi. Dómur frá 15. maí 2014	
<i>Mótmælendur. Óeirðir. Handtaka. Varðhald.</i>	52
Baka gegn Ungverjalandi. Dómur frá 27. maí 2014 (sjá reifun undir 6. gr.)	
Mustafa Erdogan o.fl. gegn Tyrklandi. Dómur frá 27. maí 2014	
<i>Ærumeiðingar. Dómarar. Umræða um almannahagsmuni.</i>	
<i>Gildisdómar.</i>	53
Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi. Dómur frá 12. júní 2014	
<i>Birting einkalífsupplýsinga. Opinber persóna. Fjölmíðlar.</i>	55
11. gr. Funda- og félagafrelsi	57
National Union Of Rail, Maritime og Transport Workers gegn Bretlandi. Dómur frá 8. apríl 2014	
<i>Bann við samúðarverkföllum. Félagsmálasáttmáli Evrópu.</i>	57
Taranenko gegn Rússlandi. Dómur frá 15. maí 2014 (sjá reifun undir 10. gr.)	58
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns	59
A.C. o.fl. gegn Spáni. Dómur frá 22. apríl 2014	
<i>Hælisleitendur. Meðferð hælisbeiðna.</i>	59
14. gr. Bann við mismunun	61
Kirkja Jesús Krists hinna Heilögu síðari daga gegn Bretlandi. Dómur frá 4. mars 2014	
<i>Trúfélög. Staðir til trúariðkunar. Undanþága frá opinberum gjöldum...</i>	61
41. gr. Sanngjarnar bætur	63
Kýpur gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. maí 2014	
<i>Tjón vegna hernaðaraðgerða. Fyrning. Bætur til hagsbóta fyrir borgara.</i>	63
46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra	65
Bittó o.fl. gegn Slóvakíu. Dómur frá 28. janúar 2014 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	65

Efnisyfirlit

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	66
Bittó o.fl. gegn Slóvakíu. Dómur frá 28. janúar 2014 <i>Fasteignaeigendur. Löggjöf um leigu. Skyldur ríkis til að gera almennar ráðstafanir.</i>	66
Paulet gegn Bretlandi. Dómur frá 13. maí 2014 <i>Útlendingar. Brot á reglum um dvalarleyfi. Upptaka eigna.</i>	68
Baka gegn Ungverjalandi. Dómur frá 27. maí 2014 (sjá reifun undir 6. gr.).....	69
2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar	70
Velyo Velez gegn Búlgaríu. Dómur frá 27. maí 2014 <i>Fangar. Gæsluvarðhald. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.</i>	70
4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis	72
Margus gegn Króatíu. Dómur frá 27. maí 2014 <i>Óvilhallur dómstóll. Réttur til að vera viðstaddur málsmeðferð. Tvöföld málsmeðferð fyrir sama brot. Stríðsglæpir.</i>	72
Nykänen gegn Finnlandi. Dómur frá 20. maí 2014 <i>Skattamál. Ne bis in idem. Tvöföld viðurlög</i>	74
Häkka gegn Finnlandi. Dómur frá 20. maí 2014 <i>Skattamál. Ne bis in idem. Tvöföld viðurlög</i>	76

2. gr. Réttur til lífs

Jelić gegn Króatíu

Dómur frá 12. júní 2014

Mál nr. 57856/11

2. gr. Réttur til lífs

Manndrúp. Rannsókn. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærandi er króatískur ríkisborgari af serbneskum uppruna. Í nóvember 1991 var eiginmanni hennar rænt af heimili þeirra og fannst hann skömmu síðar látinn. Andlát hans var ekkert rannsakað í sjö ár uns árið 1999 er yfirvöld hófu að rannsaka morð á Serbum frá 1991 til 1995. Skömmu síðar gaf sig fram maður sem gaf upp nöfn nokkurra einstaklinga sem hann taldi eiga þátt í dauða fjölda Serba, þar með talið eiginmanns kæranda.

Árið 2013 var fyrrverandi yfirmaður lögreglunnar sakfelldur fyrir stríðsglæpi gegn almenningi fyrir morðin.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á að með því að sakfella einungis yfirmanninn, þrátt fyrir að frekari upplýsingar lægju fyrir, væri Króatía að bregðast skyldum sínum til að veita lífi fólks þá réttarvernd sem 2. gr. sáttmálans felur í sér.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að ýmsar tafir við rannsókn mála í kjölfar stofnunar Króatíu sem sjálfstæðs ríkis væru réttlætanlegar. Það þýddi þó ekki að ríki losni undan skyldum sínum skv. 2. gr. sáttmálans. Árið 2003 lágu fyrir upplýsingar sem hefðu getað leitt til sakfellingar þeirra er báru ábyrgð á dauða eiginmanns kæranda. Þá hafi vaknað skylda til rannsóknar. Þótt óljóst væri hvort vísbendingarnar hefðu leitt til sakfellingar hafi lögreglunni borið að rannsaka þær til hlítar. Þessu til leiðréttingar nægi ekki að sakfella einungis æðsta yfirmanninn. Ábyrgð yfirmanna á stríðsglæpum leysi ekki undirmennina undan sök og hafi lögreglunni borið að rannsaka ítarlega líklegustu sakborningana. Í ljósi þess að vitni hafði nafngreint hugsanlega sakborninga taldi dómstóllinn sig ekki geta komist að annari niðurstöðu en að framkvæmd rannsóknar á morði á eiginmanns kæranda hafi falið í sér brot á 2. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 20.000 evrur í miskabætur.

3. gr. Bann við pyndingum

Lindström og Mässeli gegn Finnlandi

Dómur frá 14. janúar 2014

Mál nr. 24630/10

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Fangar. Fangabúningar. Einangrun. Ómannleg og vanvirðandi meðferð. Mannleg reisin.

O'Keeffe gegn Írlandi

Dómur frá 28. janúar 2014 - Yfirdeild

Mál nr. 35810/09

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Einkaskólar. Börn. Kynferðisleg misnotkun. Ábyrgð ríkisins. Rannsókn. Raunhæft réttarúrræði.

1. Málsatvik

Kærandi, Louise O'Keeffe, er írskur ríkisborgari, fædd 1964 og búsett í Cork á Írlandi. Frá og með árinu 1968 gekk hún eins og flest írsk börn í grunnskóla sem ríkið bar kostnað af en var rekinn af einkaaðila á vegum kaþólsku kirkjunnar. Skólinn sem kærandi gekk í var í eigu kaþólsks biskupsdæmis og var yfirmaður skólans presturinn Ó. Árið 1971 kvartaði foreldri við Ó um að dóttir sín hefði sætt kynferðislegri misnotkun af hálfu skólastjórans (LH). Fleiri kvartanir bárust árið 1973 og í kjölfar foreldrafundar, þar sem Ó var fundarstjóri, fór LH í veikindaleyfi og lét af stöfum sama haust. Tilkynnti Ó menntamálaráðuneyti í janúar 1974 að LH hefði sagt upp störfum en greindi hvorki frá kvörtunum né kærði til lögreglu. Fékk LH fljótlega starf við annan skóla og kenndi þar uns hann settist í helgan stein árið 1995.

Frá janúar fram á mitt ár 1973 varð kærandi ítrekað fyrir kynferðismisnotkun af hálfu LH. Síðar á ævinni átti hún í andlegum erfiðleikum en tengdi þá ekki kynferðismisnotkuninni. Árið 1996 hafði lögreglan samband við hana vegna rannsóknar kæru frá fyrrum samnemanda á hendur LH. Gaf hún skýrslu í janúar 1997. LH var ákærður fyrir alls 386 kynferðisbrot gegn 21 fyrrum nemendum skólans og var dæmdur til fangavistar árið 1998 eftir að hafa játað hluta brotanna.

Eftir réttarhöldin og í kjölfar læknismeðferðar áttaði kærandi sig á tengslum erfiðleika sinna og misnotkunarinnar. Í október 1998 sótti hún um bætur sem þólandi afbrota og fékk 53.962,24 evrur. Sama haust höfðaði hún einnig einkamál og krafðist skaðabóta úr hendi LH, þáverandi menntamálaráðherra, írsku ríkisins og ríkissaksóknara. Hélt hún því í fyrsta lagi fram að ríkið hefði látið undir höfuð leggjast að fyrirbyggja hina kerfisbundnu misnotkun sem hún hefði sætt. Í öðru lagi taldi hún ríkið bera húsbóndaábyrgð sem vinnuveitandi LH. Í þriðja lagi taldi hún ríkið bera ábyrgð á þeim grundvelli að undir það heyrði mennta-

3. gr. Bann við pyndingum

kerfið samkvæmt stjórnarskrá. LH tók ekki til varna og var dæmdur til að greiða kæranda 305.104 evrur í skaðabætur. Eftir að hann lýsti sig ófæran um að greiða að fullu var honum gert að greiða kæranda 400 evrur á mánuði. Þegar málið kom fyrir dómstólinn hafði hún fengið u.þ.b. 30.000 evrur. Öðrum dómkröfum kæranda vísuðu innlendir dómstólar frá, meðal annars með þeim rökum að írska grunnskólakerfið yrði að skoðast í ljósi sögulegs uppruna sem mætti rekja til fyrri hluta 19. aldar. Ríkið hefði að vísu staðið straum af kerfinu en stjórnunarhlutverk kirkjunnar hefði verið slíkt að háttsemi kennarans gæti ekki talist hafa bakað ríkinu vinnuveitandaábyrgð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi írska ríkið ekki hafa byggt upp grunnskólakerfi sem hefði veitt sér vernd gegn misnotkun. Þá hefði ríkið hvorki rannsakað né réttarkerfi þess brugðist réttilega við þeirri illu meðferð sem hún hefði sætt. Loks hefði hún hvorki fengið viðurkenningu þess að ríkið hefði brugðist í því að vernda hana né bætur fyrir það. Byggði hún á 3. og 13. gr. sáttmálans. Einnig taldi hún brotið gegn 8. gr. og 2. gr. 1. viðauka, bæði einni sér og ásamt 14. gr., enda hefði misnotkunin valdið sér verulegum sambands-, kynlífs- og hjónabandserfiðleikum, auk þess að hefði hún sætt mismunun, þar eð þolendum misnotkunar í sambærilegum skólum hefði verið synjað um bætur sem þolendur í betrunar- og vinnuskólum hefðu fengið. Loks kærði hún óhóflega langa málsmeðferð og skort á innlendum úrræðum í því sambandi, en um þann hluta málsins tókust sáttir.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn féllst á að meta yrði hugsanlega ábyrgð ríkisins út frá staðreyndum og viðmiðum ársins 1973, en líta framhjá þjóðfélagsvitund nútímans um kynferðislega misnotkun barna innan menntastofnana, enda væri sú vitund afrakstur umræðu hin síðari ár, m.a. á Írlandi. Dómstóllinn féllst einnig á að skipan írska grunnskólakerfisins væri sprottin úr sérstæðum sögulegum aðstæðum og væri einstök innan Evrópu. Dómstóllinn benti á að börn væru varnarlaus. Ríkjum væri skylt að gera ráðstafanir til að vernda þau gegn illri meðferð, sérstaklega í grunnskólum þar sem skólayfirvöld væru alráð gagnvart börnunum. Undan þeirri skyldu gæti ríkið hvorki leyst sig með framsali til einkaaðila né með þeim rökum að kærandi hefði getað valið annars konar skólagöngu, svo sem heimaskólun eða skóla með skólagjöldum. Í landinu hefði verið skólaskylda og kæranda hefðu ekki boðist aðrir raunhæfir og ásætlanlegir kostir en að ganga í hverfissskólann. Úrslitaatriðið í þessu máli væri hvort ríkinu hefði mátt vera kunnugt um hættu á kynferðislegri misnotkun barna í skólum af þessum toga og hvort réttarkerfi þess hefði veitt börnum næga vernd gegn illri meðferð af slíku tagi.

Ríkinu hlyti að hafa verið kunnugt um að kynferðisbrot gegn börnum hefðu verið algeng, enda hefði það sjálft ákært fyrir slík brot í verulegum mæli. Fleiri en ein skýrsla, allt frá fjórða áratug aldarinnar og fram til hins áttunda, hefðu sýnt

3. gr. Bann við pyndingum

ítarleg tölfraeðigögn um ákæruhlutfall á Írlandi fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Einnig væru til skjalfestar kvartanir til yfirvalda vegna kynferðislegrar misnotkunar fullorðinna á börnum, bæði frá því fyrir áttunda áratuginn og meðan á honum stóð, bæði í betrunar- og vinnuskólum og í kaþólskum skólum. Þrátt fyrir vitundina um þetta hefði írski ríkið haldið áfram að trúa hinum einkastýrðu skólum fyrir menntun yfirgnæfandi meirihluta írskra barna án þess að koma á nokkurri haldgóðri eftirlitstillhögun.

Í fyrsta lagi hefðu hvorki reglugerðir né verklagsreglur vísað til neinnar skyldu yfirvalda til að fylgjast með meðferð kennara á börnum. Ekki hefði heldur verið leitað eftir kærnum frá börnum eða foreldrum til yfirvalda. Raunar hefðu verklagsreglur beinlínis beint kærnum til annarra en ríkisins, gjarnan til prestsins á staðnum. Kvartanir um LH hefðu borist skólástjórnendum árin 1971 og 1973, en ekki verið komið áfram til yfirvalda. Í öðru lagi hefðu eftirlitsmenn með skólum engin fyrirmæli fengið um að spyrjast fyrir um eða fylgjast með meðferð kennara á börnum, heldur hefðu þeir fyrst og fremst hugað að gæðum kennslu og námsframmistöðu. Enda þótt eftirlitsmaður hefði heimsótt skólann alls sex sinnum milli 1969 og 1973 hefði aldrei verið kvartað við hann um LH. Raunar hefðu yfirvöldum engar kvartanir borist um hátterni LH fyrr en árið 1995, að starfsferli hans loknum. Dómstóllinn taldi að hvert það eftirlits- og tilkynningarkerfi sem léti viðgangast meira en 400 brotatilvik í svo langan tíma hlyti að teljast gagnslaut. Eðlilega hefði mátt vænta þess að viðhlítandi aðgerðir í kjölfar kærunnar 1971 hefðu komið í veg fyrir misnotkunina sem kærandi sætti.

Að öllu þessu virtu hefði írski ríkið brugðist skyldu sinni til að vernda kæranda fyrir misnotkun og hefði því brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Strax og kynferðisleg misnotkun LH á skólabarni var kærð til lögreglu árið 1995 hófst rannsókn, þar sem kæranda gafst m.a. færi á að gefa skýrslu. Leiddi sú rannsókn til þess að LH var ákærður fyrir fjölda kynferðisbrota, sakfelldur og dæmdur til fangavistar. Kærandi kærði hvorki það að LH var leyft að játa aðeins hluta brotanna né dóminn sem hann hlaut. Dómstóllinn taldi því ekki hafa verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans að því er varðaði rannsókn kynferðislegrar misnotkunar við skólann.

Um 13. gr. ásamt 3. gr.: Dómstóllinn taldi ekki hafa verið sýnt fram á að nein þeirra úrræða sem ríkið hafði fært fram (vinnuveitandaábyrgð ríkisins, skaðabótamál gegn ríkinu vegna beinnar vanrækslu þess eða á grundvelli stjórnarskrár) hefðu verið raunhæf fyrir kæranda. Hefði því verið brotið gegn 13. gr.

Dómstóllinn taldi ekki spretta af kærnum nein álitamál um brot á ákvæðum sáttmálans önnur en þau sem þegar hefðu komið til skoðunar.

Einn dómari skilaði sératkvæði þar sem komist var að sömu niðurstöðu. Fimm dómara skiluðu sameiginlegu sératkvæði þar sem komist var að annarri niðurstöðu að hluta og einn dómari skilaði sératkvæði þar sem komist var að andstæðri niðurstöðu.

Kæranda voru dæmdar 30.000 evrur vegna fjártjóns og miska og 85.000 evrur í málskostnað.

Öcalan gegn Tyrklandi (2)

Dómur frá 18. mars 2014

Mál nr. 24069/03, 197/04, 6201/06 og 10464/07

3. gr. Bann við pyndingum

7. gr. Engin refsing án laga

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fangar. Einangrun Lífstíðardómur án möguleika á reynslulausn,

1. Málsvik

Kærandi, Abdullah Öcalan er tyrkneskur ríkisborgari fæddur árið 1949 og afplánar nú fangelsisdóm á eyjunni Imrali í Marmarahafi. Árið 1999 var hann hneptur í gæsluvarðhald og vistaður á Imrali. Sem stofnandi hryðjuverkasamtakanna PKK, þjóðernisflokks Kúrda, var hann sakfelldur fyrir að reyna að ná landsvæði af Tyrklandi og fyrir að hafa í þeim tilgangi verið leiðtogi vopnaðra hryðjuverkamanna í árásum sem kostuðu þúsundir manna lífið. Í júní 1999 var hann dæmdur til dauða. Árið 2002 var dauðarefsing á friðartímum afnumin í Tyrklandi og var dómi hans þá breytt í lífstíðarfangelsi án þess að hann ætti möguleika á reynslulausn.

Kærandi var í einangrun í rúm 10 ár eða til 17. nóvember 2009 er fimm aðrir fangar voru fluttir í fangelsið. Í þessi rúm 10 ár dvaldi hann í sama 13 fm. klefanum og var án sjónvarps. Samskipti hans voru einskorðuð við starfsfólk fangelsisins sem var gert að tjá sig ekki frekar við hann en starfið krafðist. Hann hafði aðgang að bókum og útvarpi sem þó einungis náði ríkissstöðvum. Aðgangur hans að dagblöðum og vikurítum var skertur.

Árið 2009 bötnuðu aðstæður kæranda að frumkvæði Evrópunefndar um afnám pyndinga. Hann hefst núna við í 10 fm. klefa en hefur heimild til að fara út úr honum. Síðan í janúar 2012 hefur hann haft aðgang að sjónvarpi. Hann hefur einnig í ríkara mæli fengið að tala við og hafa önnur samskipti við samfanga sína.

Sami læknir fékk ekki að skoða kæranda oftar en einu sinni og sökum aðstæðna á eyinni hefur heimsóknnum nánustu vandamanna og lögmanna hans ítrekað verið synjað. Heimsóknir urðu tíðari milli 2007 og 2010. Heimsóknir standa í eina klst. á tveggja vikna fresti. Viðtöl hans við lögmann sinn voru undir eftirliti starfsmanna fangelsisins og hljóðrituð. Fangelsisyrfingur bera því við að hann hafi reynt, og stöku sinnum tekist, að koma boðum út til samtaka sinna með aðstoð lögmanna sinna. Hann sat í algerri einangrun í 20 daga árið 2005 fyrir þær sakir. Af sömu ástæðu hefur nokkrum fyrrum lögmönnum kæranda verið bannað að koma fram fyrir hans hönd.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi reisti mál sitt á því að lífstíðardómur án mögulegrar lausnar svo og félagsleg einangrun hans í fangelsinu feli í sér brot á 3. gr. sáttmálans. Einnig byggði hann á því að skerðing á rétti hans til símasamskipta og heimsókna frá

3. gr. Bann við pyndingum

lögmönnum og ættingjum hafi falið í sér brot á 8. gr. sáttmálans. Því til viðbótar byggði hann á því að breyting á dauðadómi yfir í lífstíðardóm án mögulegrar lausnar hafi falið í sér harðari refsingu innleidda eftir að brotið var framið sem væri andstætt 7. gr. sáttmálans. Að lokum byggði kærandi á því að eitrað hefði verið fyrir honum í fangelsinu og þar með brotið á rétti hans til lífs skv. 2. gr.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Kæran um brot á 3. gr. var í tvíþætt. Í fyrsta lagi varðaði hún meðferð tyrkneska ríkisins á kæranda fram til 2009 og í öðru lagi lögmæti lífstíðardóms yfir honum án mögulegrar lausnar.

Dómstóllinn benti á að afplánun kæranda fæli í sér talsverð vandkvæði fyrir tyrknesk stjórnvöld. Hann væri álitinn hættulegasti hryðjuverkamaður landsins auk þess sem talsverðar líkur séu á því að andstæðingar hans freisti þess að ráða hann af dögum og að fylgjendur hans aðstoði hann við að flýja úr fangelsi. Því til viðbótar sé hann enn andlit PKK út á við og virðist enn vera æðsti stjórnandi samtakanna. Dómstóllinn lýsti yfir skilningi á því að gríðarlegra öryggisráðstafana hafi verið þörf.

Eðli þeirra öryggisráðstafana sem beitt var, m.a. takmörkun á aðgangi að upplýsingum, samskiptum við aðra fanga og synjun á leyfi til að ræða við lögmenn sína undir fjögur augu var slík að það jók á félagslega einangrun kæranda, hins vegar tók dómstóllinn fram að ríki hafi rétt til að innleiða lögmætar tálmanir á réttindum. Fram til nóvember 2009 var sú tálmun á réttindum kæranda sem innleidd var ekki alger heldur að hluta og tengd þeim hagsmunum sem vernda átti. Eftir nóvember 2009 gat kærandi ekki haldið því fram að hann hafi liðið alvarlega félagslega einangrun.

Dómstóllinn tók til skoðunar lengd einangrunarinnar með tilliti til annarra hugsanlegra úrræða, hugsanlegra úrræða kæranda og hvaða eftirlit ríkið hafði haft með ástandi hans. Með vísan til takmarkaðs aðgangs kæranda að upplýsingum, svo sem skort á sjónvarpi, erfiðleika aðstandenda hans við að komast til hans á eyjuna sem ýtt hafi undir félagslega einangrun hans, svo og skort á því að ríkið leitaði annarra raunhæfra úrræða í máli kæranda, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að meðferð á kæranda fram til nóvember 2009 hafi falið í sér ómannlega meðferð í skilningi 3. gr., en eftir það hafi meðferðin ekki verið slík.

Hvað varðaði lögmæti lífstíðardóms án mögulegrar lausnar áréttaði dómstóllinn að lífstíðardómur fullorðins manns væri ekki í sjálfu sér bannaður eða ósamrýmanlegur 3. gr. sáttmálans. Skilyrðum 3. gr. væri fullnægt ef landsréttur byði kæranda endurskoðun á lífstíðardómi, svo sem með styttingu refsivistar, náðun, niðurfellingu á refsingu eða reynslulausn. Í þessu máli átti kærandi enga réttarfarslega möguleika á lausn. Þótt forseti Tyrklands gæti veitt fanga lausn sökum elli eða sjúkuleika og þrátt fyrir að reglulega væru sett lög um náðun einstaklinga af sömu sökum, fékkst ekki séð að slíkt hafi verið ætlunin í máli kæranda. Löggjöfin um lífstíðardóm án mögulegrar lausnar, sem kæranda var gert að þola, var í eðli sínu án kosts á einhvers konar lausn. Fól refsing kæranda því í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

3. gr. Bann við pyndingum

Um 8. gr.: Dómstóllinn ítrekaði að fangelsisfyrvöldum bæri að aðstoða fanga við að halda sambandi við sína nánustu meðan á refsivist þeirra stæði. Í máli kæranda var sökum aðstæðna fjöldi heimsóknna frá fjölskyldu hans takmarkaður og fram til 2010 fóru heimsóknir hans við aðra en foreldra, maka, börn og systkini fram í víðtalsherbergi með gleri á milli kæranda og gests hans.

Þessar öryggisráðstafanir voru byggðar á lagaheimild og áttu við um fanga sem töldust sérlega hættulegir almenningi. Þær stefndu einnig að því lögmæta markmiði að vernda almenning fyrir glundroða og glæpum. Ótti ríkisins um að kærandi myndi nýta heimsóknir til að hafa samband við meðlimi PKK var réttlætlanlegur. Við mat á hagsmunum kæranda gagnvart hagsmunum almennings tók dómstóllinn fram að fangelsisfyrvöld hafi lagt sitt af mörkum við að aðstoða kæranda við að halda samskiptum við fjölskyldu sína. Með vísan til þess að hófs hafi verið gætt og að takmarkanir á rétti kæranda hafi ekki verið of umfangsmiklar komst dómstóllinn að því að skerðing á réttindum kæranda væri ekki meiri en nauðsyn bæri til í lýðræðis-þjóðfélagi til verndar gegn glundroða og glæpum. Því var ekki um brot á 8. gr. að ræða.

Um 7. gr.: Kærandi bar því við að ef dauðarefsingu væri ekki framfylgt væri venjan sú að dómfellður maður ætti rétt á lausn eftir að hafa aflánað 36 ár af dómi sínum. Því hafi það verið þvinging refsingar þegar dómi hans var breytt í lífstíðardóm. Með vísan til umræðna innan Tyrklands þegar afnema átti dauðarefsingu, þar sem meðal annars var rætt um að taka hann af lífi áður en þetta yrði gert, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það hafi verið raunveruleg hættu á að kærandi yrði tekinn af lífi. Enn fremur kom 36 ára reglan einungis til skoðunar ef tyrkneska þingið neitaði að framfylgja refsingunni, en mál kæranda var aldrei borið þar upp. Dómstóllinn kannaði hvort við afnám dauðarefsingar hafi opnast möguleiki fyrir þá sem dæmdir höfðu verið til dauða að fá lausn eftir afplánum einhverrar lágmarks fangelsisrefsingar. Þetta mátti ekki lesa út úr upphaflegu löggjöfinni né neinni þeirri löggjöf sem sett var í kjölfarið. Var því ekki um brot á 7. gr. að ræða.

Um 2. gr.: Dómstóllinn fann engin rök í þeim gögnum sem fyrir lágu til að styðja það að brotið væri gegn rétti kæranda til lífs og var þeim þætti kærunnar því vísað frá og talinn ótækur til meðferðar.

Kæranda voru dæmdar 25.000 evrur í málskostnað.

Semikhvostov gegn Rússlandi

Dómur frá 6. febrúar 2014

Mál nr. 2689/12

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Fangar. Aðbúnaður og aðstoð við fatlaða. Raunhæft réttarúrræði.

1. Málsatvik

Kærandi er bundinn við hjólastól vegna lömunar og þjáist þar að auki af fjölda kvilla þ. á m. verulegri sjónskerðingu. Hann var vistaður 3 ár í fangelsi sem var ekki

3. gr. Bann við pyndingum

útbúið með tilliti til þarfa fatlaðra manna. Hann þurfti að reiða sig á aðstoð annarra fanga til að komast allra ferða sinna s. s. á salerni, í sturtu, á bókasafn fangelsisins og til þess að sækja lækniþjónustu. Engir þessara staða voru aðgengilegir fyrir fólk í hjólastól.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að vistun hans við þessar aðstæður hafi falið í sér ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu skv. 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að fötlun kæranda hafi m.a. hamlað því að hann hafi getað matast ásamt öðrum föngum í matsal fangelsisins. Ekki hafi þó verið hægt að sannreyna staðhæfingar kæranda um að honum hafi af þessum sökum verið neitað um mat og hann látinn borða af óhreinum diskum. Þó hafi einangrun hans frá öðrum föngum af þessum sökum verið til þess fallin að niðurlægja hann og gert honum nær ómögulegt að halda sjálfsvirðingu við þessar annars erfiðu aðstæður. Dómstóllinn tók fram að aðildarríkin hefðu jákvæða skyldu til þess að tryggja fötluðum föngum viðeigandi úrræði í afplánun. Ekki væri hægt að komast hjá þeim skyldum með því að velta ábyrgðinni yfir á samfanga kæranda. Yfirvöld í Rússlandi hefðu ekki tryggt kæranda tækifæri til þess að lifa á mannsæmandi hátt með fötlun sinni innan veggja fangelsisins. Þvert á móti hafi sú ráðstöfun að skipa öðrum föngum að aðstoða kæranda við daglegt líf orðið til þess að hann einangradist enn frekar og þar með haft neikvæð áhrif á sjálfsvirðingu hans. Dómstóllinn taldi að hægt hefði verið að bæta úr aðgengisvandamálum í fangelsinu á einfaldan og ódýran hátt en að fangelsisvirkvöld hafi eingöngu komið fyrir málamynda hjólastólbraut við innganga, komið fyrir stól á salerni hans og skipað samföngum hans að aðstoða hann. Þessar ráðstafanir teldust engan veginn nægjanlegar til að tryggja andlegt og líkamlegt sjálfstæði kæranda og þær takmarkanir sem hann hafi þurft að kljást við innan veggja fangelsisins hafi falið í sér ómannlega meðferð. Yfirvöld hafi því ekki tryggt honum aðstæður í samræmi við fötlun hans.

Dómstóllinn taldi því að aðstæður kæranda við afplánun hafi af þessum sökum falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð og þar með brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi einnig að kærandi hafi ekki haft raunhæf úrræði til að leita réttar síns vegna aðstöðu sinnar og því hafi einnig verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi rússneska ríkið til greiðslu miskabóta að upphæð 15.000 evrum á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Tali gegn Eistlandi
Dómur frá 13. febrúar 2014
Mál nr. 66393/10
3. gr. Bann við pyndingum
Fangar. Þvingunaraðgerðir.

1. Málsatvik

Kærandi, sem afplánar dóm í eistnesku fangelsi, neitaði að hlýða fyrirmælum. Fangaverðir beittu piparúða og kylfum til að brjóta andstöðu hans á bak aftur, handjárnudu hann og fjötruðu hann við rúm í 3 klukkustundir og 40 mínútur. Kærandi hlaut af þessu margvíslega áverka, s.s. marbletti og blóð í þvagi. Mál gegn fangavörðunum var felld niður þar sem talið var að þeir hefðu haft tilefni til að beita kæranda þessum harkalegu aðferðum, þar sem hann hafi óhlýðnast fyrirmælum þeirra og verið árásgjarn. Kröfu kæranda um bætur var ennfremur vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að meðferð hans hafi falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð og hafi þannig brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að honum væru ljós þau vandamál sem aðildarríkin stæðu frammi fyrir við að halda uppi reglu og aga í fangelsum. Þetta væri sérstaklega erfitt í tilvikum þar sem um órólega og árásgjarna fanga væri að ræða en þar þyrfti að taka jafnt tillit til réttinda fanganna og öryggis annarra fanga og fangavarda. Hegðun kæranda fram að umræddu atviki hafi gefið fangavörðum tilefni til þess að hugsa um eigið öryggi og það orðið til þess að þeir gripu til harkalegra aðgerða þegar hann sýndi þeim ógnandi framkomu. Þá hafi yfirvöld sýnt skýrlega fram á að kærandi hafi verið mjög árásgjarn og ógnandi í framkomu og því hafi aðgerðir fangavardanna verið taldar réttmætar.

Dómstóllinn tók þá til umfjöllunar hvort notkun piparúða við þessar aðstæður teldist réttmæt. Dómstóllinn vísaði til ummæla Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) og tók fram að piparúði teldist hættulegt efni sem ekki ætti að nota í lokuðum rýmum. Notkun þess í opnum rýmum ætti einungis að við í undantekningartilvikum og gæta yrði fyllsta öryggis við notkunina. Aldrei ætti að nota piparúða gegn fanga sem búið væri að hemja með öðrum ráðum. Þó að piparúði væri ekki flokkaður sem efnavopn og væri viðurkennt verkfæri við löggæslu hefði notkun hans í för með sér margvíslegar alvarlegar afleiðingar. Í verstu tilfellum gætu afleiðingar af slíkri notkun m.a. orðið drep í lungum og meltingarvegi, vökvi í lungum og innvortis blæðingar. Þegar litid væri til þessara mögulegu afleiðinga og til þess að fangaverðirnir hafi haft önnur úrræði til að hafa hemil á kæranda, taldi dómstóllinn að notkun piparúða hafi ekki verið réttlætunleg í þessu tilviki.

3. gr. Bann við pyndingum

Þá fjallaði dómstóllinn um þann tíma sem kærandi hafði verið fjöttraður við rúm sitt og tók fram að hann hefði verið fjöttraður skemur en í máli MDE Julin gegn Eistlandi (9 klst). Þá hafi verið fylgst með ástandi hans á klukkustundar fresti m.a. af hjúkrunarfólki. Þó yrði það eitt og sér ekki til þess að talið yrði að notkun fjöttranna teldist réttmæt í þessu tilviki. Notkun slíkra fjöttra yrði aðeins viðurkennd í tilvikum þar sem tryggja þyrfti öryggi einstaklings eða fangavaraða og slík fjöttrun yrði ekki gerð í refsingarskyni. Yfirvöld hefðu ekki sýnt fram á að sérstök hætta hafi stafað af kæranda eftir að hann hafði verið lokaður inni í klefa sínum en hann var einn í klefa. Því hefði ekki verið nauðsynlegt að fjöttra hann, enda hafi sú ráðstöfun valdið honum óþarfa óþægindum og andlegu uppnámi. Með tilliti til alls þessa hefði kærandi því sætt ómannlegri og vanvirðandi meðferð og brotið hafi verið gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi eistneska ríkið til greiðslu miskabóta að upphæð 5.000 evrum.

W.H. gegn Svíþjóð

Dómur frá 27. mars 2014

Mál nr. 49341/10

3. gr. bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á ómannlegri meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi er íranskur ríkisborgari fædd árið 1978 og aðhyllist mandínsk trúarbrögð. Hún er fráskilin og býr maður hennar í Bandaríkjunum en hún bjó hins vegar með syni þeirra í Írak. Hún kom til Svíþjóðar 27. ágúst 2007 og óskaði eftir hæli 21. janúar 2008. Hælisúmsókn hennar byggðist á veikri stöðu Mandína í Írak og stöðu hennar sem einstæð, fráskilin kona. Meðal annars vísaði hún til símtals þar sem hóttað var að fjölskyldu hennar yrði bolað úr hverfinu ef hún myndi ekki giftast að nýju. Hún vísaði einnig til þess að hún nyti ekki stuðnings karlmanns í Írak og þar af leiðandi væri hún útsett fyrir árásum þar. Bróðir hennar óskaði eftir hæli á sama tíma og hún. Reglulega við meðferð málsins komu fram nýjar upplýsingar af hendi kæranda en sænsk yfirvöld töldu í öll skiptin, eftir að hafa farið yfir gögnin, að þau sönnuðu ekki að hún væri í sérstakri hættu. Áfrýjanir báru engan árangur og var henni synjað um dvalarleyfi

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að með því að vísa henni aftur til Írak bryti sænska ríkið gegn skyldum sínum skv. 3. gr. sáttmálans um að vernda einstaklinga gegn pyndingum, ómannlegri og vanvirðandi meðferð.

3. gr. Bann við pyndingum

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að ríki hafi ríkan rétt til að stjórna komu, búsetu og brottrekstri útlendinga innan síns yfirráðasvæðis en brottrekstur til tiltekinna landa í tilteknum kringumstæðum geti falið í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að ástandið í Írak eitt og sér feli ekki í sér brot á 3. gr. sáttmálans. Margt varðandi sögu kæranda væri misvísandi, m.a. hafi hún bæði haldið því fram að eiga enga ættingja í Írak og að ættingjar hennar hafi afneitað henni fyrir að taka saman við mann í Svíþjóð. Þetta ósamræmi gerði það að verkum að dómstóllinn taldi ekki unnt að fallast á að hún nyti ekki stuðnings fjölskyldu í Írak. Dómstóllinn féllst svo á að Mandínar, svipað og kristnir, væru viðkvæmur hópur í Írak og það gerði stöðu þeirra enn veikari hve samfélag þeirra væri fámennt og hve dreifðir þeir væru.

Staða einhleyptra kvenna í Írak ein og sér nái ekki þeim þröskuldi að brottrekstur til landsins feli í sér vanvirðandi meðferð í skilningi ákvæðisins, hins vegar verði að skoða aðstæður kæranda að teknu tilliti til þess að hún tilheyrir einnig trúarlegum minnihlutahópi. Staðan í Írak sé á mörgum stöðum slík að það myndi ná lágmarksþröskuldi 3. gr. að senda hælisleitendur þangað. Það eigi þó ekki við um allt Írak. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að aðstæður í Kúrdistanhéraði í norðurhluta landsins væri samkvæmt skýrslum og gögnum nægilega öruggt til að senda mætti kæranda þangað. Var því ekki um brot á 3. gr. að ræða.

Á grundvelli 39. gr. sáttmálans sé sænska ríkinu þó óheimilt að vísa kæranda úr landi fyrr en dómur þessi verði endanlegur.

M.E. gegn Svíþjóð

Dómur frá 26. júní 2014

Mál nr. 71398/12

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Hætta á ofsóknum vegna kynhneigðar.

1. Málsatvik

Kærandi er líbýskur ríkisborgari sem hefur verið búsettur í Svíþjóð frá 2010. Hann sótti upphaflega um hæli á þeim grunni að hann óttaðist ofsóknir sökum þátttöku sinnar í ólöglegum vopnaflutningum. Nokkrum mánuðum síðar bætti hann við þeirri málsástæðu að hann væri samkynhneigður og hefði gifst karlmanni. Í ljósi breyttra stjórn málaaðstæðna í Líbýu sættist kærandi á að hann væri líklega ekki lengur í hættu þar sökum vopnaflutninga. Innflytjendaráð Svíþjóðar efaðist um sannleiksgildi sögu kæranda og sá ekkert því til fyrirstöðu að hann færi aftur til Líbýu og sækti um landvistarleyfi þaðan á grundvelli hjónabands síns. Innflytjendarétturinn hafnaði áfrýjun hans eftir að hafa komist að því að hann þarfnæðist ekki alþjóðlegrar verndar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kærú sína á því að hann ætti á hættu ofsóknir færi hann aftur til Líbýu vegna þátttöku í ólöglegum vopnaflutningum og vegna kynhneigðar sinnar.

Niðurstaða

Að því er varðaði þátttöku kæranda í ólöglegum vopnaflutningum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sú frásögn væri ótrúverðug og ennfremur hefði hann ekki sýnt fram á raunverulega ógn ef sönn væri. Hvað varðaði kynhneigð hans bæri að líta til þess að þrátt fyrir að sænsk yfirvöld hafi aldrei efast um kynhneigð hans þá hafði honum ekki tekist að sýna fram á atvik með samfeldum og skýrum hætti svo unnt væri að taka afstöðu til yfirlýsingar hans.

Þrátt fyrir að litlar upplýsingar lægju fyrir um aðstöðu samkynhneigðra í Líbýu væru engin gögn til sem sýndu fram á ofsóknir gegn samkynhneigðum eftir að valdatíð Gadhafi leið undir lok árið 2011. Var því ekki sýnt fram á ofsóknir gegn samkynhneigðum í Líbýu. Einnig benti dómstóllinn á að kæranda hafi ekki endanlega verið vísað úr landi heldur honum einungis gert að fara til Líbýu og sækja um landvistarleyfi þaðan á grundvelli hjúskapar síns. Það ferli væri unnt að framkvæma á netinu og taki einungis fjóra mánuði. Því til viðbótar myndi hann þurfa að heimsækja sænskt sendiráð í Egyptalandi, Túnis eða Alsír en ekki var talin hætta á að slík ferð legði kæranda í hættu. Var því ekkert uppi í málinu sem benti til þess að kærandi ætti á hættu að verða fyrir slæmri meðferð eða ofsóknum sökum kynhneigðar sinnar væri hann sendur aftur til Líbýu.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Taranenko gegn Rússlandi

Dómur frá 15. maí 2014

Mál nr. 19554/05

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Mótmælendur. Óeirðir. Handtaka. Varðhald.

Krupko o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 26. júní 2014

Mál nr. 26587/07

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Trúfélög. Trúarsamkoma. Handtaka. Frelsisvipting

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Jones o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 14. janúar 2014

Mál nr. 34356/06 og 40528/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Friðhelgi ríkja. Lögsaga. Þjóðréttarreglur

1. Málsatvik

Kærendur, Ronald Grant Jones, Alexander Hutton Johnston Mitchell, William James Sampson (nú látinn) og Leslie Walker, eru breskir ríkisborgarar, fæddir 1953, 1955, 1959 og 1946. Kærendur kváðust allir hafa verið handteknir í Riyadh árið 2000 eða 2001 og hafa sætt pyndingum meðan þeir voru þar í haldi. Samræmdist lýsing þeirra skoðun lækna á meiðslum þeirra eftir heimkomuna til Bretlands.

Árið 2002 höfðaði Jones bótamál fyrir breskum dómstólum gegn innanríkisráðuneyti Sáði-Arabíu og þeim opinbera starfsmanni sem hann kvað hafa beitt sig pyndingum. Kæru Jones var vísað frá í febrúar 2003 á þeim grundvelli að Sáði-Arabía og starfsmenn hennar nytu friðhelgi samkvæmt lögum frá 1978. Árið 2004 var með sömu rökum vísað frá kæru Mitchell, Sampson og Walker gegn fjórum opinberum starfsmönnum sem þeir töldu bera ábyrgð á pyndingum gagnvart sér. Dómunum var að hluta til snúið við á millidómstigi, en að endingu staðfesti æðsti dómstóll frávísun bæði á kröfum Jones gegn Sáði-Arabíu og kröfunum gegn nafngreindum starfsmönnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að breskir dómstólar hefðu brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að veita friðhelgi, sem hefði gert kærendum ókleift að hafa uppi kröfur vegna pyndinga, hvort heldur gegn Sáði-Arabíu eða gegn nafngreindum opinberum starfsmönnum þar. Töldu þeir rétt sinn til aðgangs að dómstólum hafa verið skertan fram úr hófi.

Heimilað var að Redress Trust, Amnesty International, International Centre for the Legal Protection of Human Rights og JUSTICE legðu fram skriflegar athugasemdir um málið.

Niðurstaða

Dómstóllinn rifjaði upp að skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ættu allir rétt til að bera mál um réttindi sín og skyldur undir dómstóla. Sá réttur væri þó ekki fortakslaus. Takmörkun hans yrði hins vegar að þjóna lögmætu markmiði og gæta þyrfti eðlilegs samræmis milli markmiðsins og þeirra úrræða sem beitt væri til að ná því (gæta yrði meðalhófs).

Um álitamál tengd friðhelgi ríkja samkvæmt þjóðréttarreglum vísaði

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

dómstóllinn m.a. til dóms síns í máli Al-Adsani gegn Bretlandi frá 2001 (nr. 35763/97). Þar hefði yfirdeild dómstólsins útskýrt að friðhelgi á grundvelli fullveldis (e. *sovereign immunity*) væri þjóðréttarlegt hugtak, sem fæli í sér að ekki ætti að láta eitt ríki lúta lögsögu annars. Með því að veita friðhelgi í einkamálum væri stefnt að því lögmæta markmiði að hlíta þjóðarétti um að stuðla að tillitssemi og góðum samskiptum milli ríkja með því að virða fullveldi hvers annars. Við mat á meðalhófi réði úrslitum hvort breskir dómstólar hefðu beitt friðhelgisreglu sem endurspegladi almennt viðurkenndar reglur þjóðaréttar. Í Al-Adsani málinu hefði dómstóllinn ekki talið almennt viðurkennt að þjóðarétti að víkja bæri frá friðhelgi ríkja í bótamálum vegna meintra pyndinga framinna utan lögsögu ríkisins.

Í máli kæranda féllst dómstóllinn á að markmið með takmörkun aðgangs þeirra að dómstólum hefði þjónað því lögmæta markmiði að stuðla að góðum samskiptum milli þjóða. Nálgadist hann því meðalhóf á sama hátt og í Al-Adsani-málinu. Að því er snerti kröfurnar gegn konungdæminu Sádi-Arabíu skoðaði dómstóllinn hvort almennt viðtekin þjóðréttarleg viðmið um friðhelgi í pyndingamálum hefðu breyst frá tíma Al-Adsani dómsins. Með vísan til dóms Alþjóðadómstólsins í Haag frá 2012 í máli *Þýskalands gegn Ítalíu*, þar sem því var hafnað að mótast hefði undantekning frá friðhelgi ríkja að þessu leyti ef málið tengdist álítaefnum um pyndingar, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að frávísun krafna Jones gegn Sádi-Arabíu hefði ekki brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Álítaefnið um kröfurnar gegn opinberum starfsmönnum snerist einnig um hvort farið hefði verið að almennt viðurkenndum þjóðréttarreglum. Að skoðaðri m.a. innlendra og alþjóðlegri dómaframkvæmd taldi dómstóllinn að niðurstaða breskra dómstóla samrýmdist þeim. Hefði breska ríkið því ekki brotið gegn réttindum kæranda skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn bætti þó við að í ljósi yfirstandandi þróunar á þessu sviði þjóðaréttar þyrftu aðildarríkin að hafa þetta málefni í stöðugri endurskoðun.

Tveir dómáramar skiluðu sératkvæðum þar sem annar komst að sömu niðurstöðu en hinn að annarri niðurstöðu að hluta.

Karaman gegn Þýskalandi

Dómur frá 27. febrúar 2014

Mál nr. 17103/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

1. Málsatvik

Kærandi er stofnandi og forstjóri sjónvarpsstöðvar sem sendi út sjónvarpsefni í Tyrklandi og Þýskalandi. Árið 2006 hófu yfirvöld í Þýskalandi rannsókn á starfsemi kæranda og annarra aðila í tengslum við rekstur stöðvarinnar. Hann var m.a. grunaður um að hafa ráðstafað fjárframlögum áhorfanda til stöðvarinnar í eigin þágu. Árið 2008 var mál kæranda aðskilið frá máli gegn öðrum sakborningum. Sama ár hófu yfirvöld í Tyrklandi rannsókn á kæranda á grundvelli sömu ásakana.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Árið 2008 voru þeir aðilar sem voru einnig ákærðir fyrir sinn hlut í brotunum sakfelldir fyrir fjársvik og hlutdeild í fjársvikum. Þó að kærandi hafi ekki enn verið ákærður fyrir sinn hlut í brotunum á því stigi, var í dóminum yfir félögum hans, lýst í smáatriðum hvernig hann kom að málinu og hvernig fjársvikin hefðu verið upp byggð. Í dóminum var einnig tekið fram að hann hefði gengt lykilhlutverki í fjársvikunum. Þegar dómurinn var birtur kom fullt nafn kæranda fram, þó að það hafi síðar verið fjarlægð, en í netútgáfu dómsins voru aðeins upphafsstafir í nafni hans birtir. Í formála netútgáfu dómsins var tekið fram að niðurstaða málsins um háttsemi annarra aðila en sakborninga málsins hefði engin áhrif á þau málaferli sem á eftir kæmu, enda teldust menn saklausir uns sekt er sönnuð. Mikil fjölmíðlaumfjöllun var um málið og þar kom fram að kærandi hefði verið lykilmaður í fjársvikunum.

Árið 2009 lagði kærandi fram kvörtun til stjórnlagadómstóls þar sem hann taldi að með birtingu dómsins hefði verið brotið gegn rétti hans til þess að teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Kvörtun hans var ekki tekin til greina. Árið 2013 hófust réttarhöld yfir kæranda í Tyrklandi og Þýskalandi vegna ákæru um fjársvik. Niðurstaða þeirra mála lá ekki fyrir þegar Mannréttindadómstóllinn tók málið til umfjöllunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að birting dómsins hafi falið í sér brot gegn rétti hans, sbr. 2. mgr. 6. gr., til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð og þar með brot gegn 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Niðurstaða

Þýska ríkið hélt því fram að ekki yrði talið að um brot gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans væri að ræða, þar sem niðurstaða umrædds dóms var aðeins um sekt þeirra sem einnig voru ákærðir í málinu. Þá gæti réttur einstaklinga til að teljast saklausir uns sekt er sönnuð ekki veitt þeim vernd gegn því að málsatvik komi fram í opinberum skjöllum, ef ekki væri tekin opinber afstaða til sektar eða sýknu þeirra. Dómstóllinn tók þó fram að vernd 2. mgr. 6. gr. sáttmálans næði einnig til tilvika þar sem dómstólar fjölluðu um sekt annarra sakborninga. Í tilviki kæranda þá hafði hann verið ákærður fyrir sinn hlut í málinu þegar dómur gekk í máli annarra sakborninga. Hann hafi því verið borinn sökum um refsiverða háttsemi í skilningi 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Því hefðu ummæli í dóminum getað haft áhrif á niðurstöðu málsins gegn honum. Hér yrði að taka tillit til þess að sá sem er ekki aðili að dómsmáli getur jafnan ekki mótmælt þeim ásökunum sem koma fram undir rekstri málsins. Því yrðu mótmæli þýska ríkisins ekki tekin til greina og kæran því tæk til meðferðar.

Dómstóllinn viðurkenndi að í flóknum dómsmálum yrði ekki komist hjá því að fjallað yrði á einhvern hátt um þátt þriðja aðila í málinu, þó að dómsmál gegn þeim aðila hefði enn ekki verið höfðað. Í mörgum tilvikum væri slík umfjöllun jafnvel

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

nauðsynleg til að komast að niðurstöðu um sýknu eða sakfellingu sakborninga í málinu. Í slíkum tilvikum yrði að takmarka slíka umfjöllun við þau málsatvik sem skiptu máli og ekki mætti setja þar fram ásakanir eða grunsemdir um refsiverða háttsemi. Í þessu máli yrði að túlka þær upplýsingar sem komu fram í dómnum í samræmi við þýsk lög, sem settu skýrt bann við því að niðurstaða um sekt í dómsmáli yrði byggð á niðurstöðu fyrra dómsmáls, ef sakborningur hefði ekki átt aðild að því máli.

Dómstóllinn taldi að dómstólar í Þýskalandi hafi þurft að fjalla ítarlega um ásetning hvers og eins aðila, þ.á.m. kæranda, sem kom að málinu til þess að komast að niðurstöðu um sekt eða sýknu sakborninga. Þá hafi orðalagið í dómnum verið á þann veg að ekki hefði átt að fara á milli mála að mál kæranda ætti eftir að fá efnislega umfjöllun dómstóla og að lýsing á málavöxtum fæli ekki sér yfirlýsingar um sekt hans. Þetta hefði einnig verið tekið skýrlega fram í dómstextanum sem birtur var á netinu. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið brotið gegn rétti kæranda á grundvelli 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Tveir dómáramar skiluðu séráliti.

Howald Moor o.fl. gegn Sviss

Dómur frá 11. mars 2014

Mál nr. 52067/10 & 41072/11

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Aðgangur að dómstólum. Skaðabótakrafa. Fyrningarreglur.

1. Málsatvik

Kærendur eru í þrír, eiginkona Hans Moor (H), Renate Anita Howald Moor, sem er svissneskur ríkisborgari fædd árið 1949 og býr í Untersiggenthal, og dætur H, Caroline og Monika Moor fæddar 1973 og 1976 og búa í Zurich.

H var fæddur 1946 og vann alla ævi í verksmiðju. Frá 1965 til í það minnsta 1978 komst hann í snertingu við efnið asbest í vinnu sinni. Frá 1975 til 1976 var bannað að nota asbest í verksmiðjunni og frá 1989 hefur asbest verið bannað í Sviss. Árið 2004 greindist H með krabbamein sem rakið var til þess er hann komst í snertingu við asbest. Fékk H greiddar bætur frá ríkinu allt til dauðadags.

H höfðaði mál gegn vinnuveitanda sínum 25. október 2005 og krafðist skaða- og miskabóta. Bar hann því við að sjúkdóm sinn mætti rekja til starfs síns og að orsökkin væri að vinnuveitandi sinn hefði brugðist skyldu sinni til að tryggja starfsmönnum öruggt starfsumhverfi. H lést í nóvember 2005, þá 58 ára að aldri. Frá desember 2005 hefur svissneska ríkið greitt konu hans, einum kæranda, ellilífeyri eftir hann. Hún þiggur einnig lífeyri frá vinnuveitandanum. Samkvæmt svissneskum lögum fyrndust skaðabótakröfur á 10 árum. Niðurstaða svissneskra dómstóla var byggð á því að þar sem ekki væri hægt að sanna að H hefði komist í snertingu við asbest eftir 1995 væri krafa hans fyrnd.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur reistu kröfur sínar á því að þar sem málið var ekki tekið til skoðunar vegna þess að atvik þess urðu fyrir 1995 hafi verið brotið á rétti þeirra til aðgangs að dómstólum skv. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að málið væri sérlega flókið. Landslög kvæðu á um 10 ára fyrningarfrest en meðgöngutími sjúkdóms þess sem um ræðir gæti verið nokkrir áratugir. Gætu því aðilar ekki vitað af rétti sínum til bóta þar sem tjónið var ekki eiginlega komið fram. Þrátt fyrir að lagafrumvarp um að rýmka fyrningarreglur við þessar aðstæður væri til meðferðar í svissneska þinginu hefði það engin áhrif í máli kæranda. Þótt fyrningarreglur stefni að lögmaetu markmiði áréttaði dómstóllinn að fortakslaus beiting þeirra í tilvikum þar sem tjónið kemur ekki fram fyrir en áratugum eftir tjónsatburðinn skerði rétt til aðgangs að dómstólum. Því tók dómstóllinn fram að þar sem vísindalega sannað væri að sjúklingur geti ekki vitað af tjóni sínu fyrir en mörgum árum eftir tjónsatburðinn þá eigi að taka tillit til þess við útreikinga tímafresta við fyrningu.

Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að í þessu máli hafi fyrningarreglurnar brotið á rétti til aðgangs að dómstólum skv. 6. gr. sáttmálans. Var svissneska ríkinu gert að greiða kærendum sameiginlega 12.180 evrur í skaðabætur, Howald Moor 5000 evrur í málskostnað en Caroline og Moniku Moor 4000 evrur í málskostnað.

Müller gegn Þýskalandi

Dómur frá 27. mars 2014

Mál nr. 54963/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Lífstíðardómur. Reynslulausn. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

1. Málsatvik

Kærandi var árið 1984 dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir morð á eiginkonu sinni. Árið 1999 var hann sýknaður af ákæru um líkamsárás á konu er hann var í leyfi frá refsivist árið 1997. Þegar 15 ár voru liðin af refsivist kæranda sótti hann um reynslulausn en héraðsdómstóll komst að þeirri niðurstöðu að af honum stafaði enn ógn. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa hlýtt á vitnisburð sérfræðivitnis varðandi atburðina 1997. Árið 2007 synjaði annar héraðsdómstóll frekari umsókn kæranda um reynslulausn með vísan til þess að engar raunhæfar líkur væru á því að kærandi myndi ekki brjóta af sér á ný. Var í synjuninni vísað til vitnisburðar sérfræðings og jafnframt tekið fram að glæpurinn sem kærandi framdi gagnvart konunni árið 1997 sýndi að hann væri viljugur til að leita sambands við konur en það myndi líklegast leiða til ofbeldis. Þessi synjun var staðfest á efri dómsstigum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi reisti kærú sína á því að síðari dómstóllinn hafi metið hann sekán af broti sem hann hafi verið sýknaður af á fyrra dómstigi án þess að frekari sönnun-argögn eða röksemdir kæmu til. Væri þar um að ræða brot á rétti hans til að teljast saklaus uns sekt hans væri sönnuð skv. 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að rétturinn til að vera talinn saklaus uns sekt væri sönnuð væri brotinn ef yfirlýsing opinbers starfsmanns varðandi sakborning bæri með sér þá skoðun að hann væri sekur án þess að það væri sannað samkvæmt lögum. Hins vegar færi það eftir eðli málsins og samhengi yfirlýsingarinnar hvort til meðferðar væri mál eftir sýknu einstaklings. Notkun óheppilegs orðalags í þessu samhengi gæti ekki eitt og sér haft úrslitaáhrif hér um.

Þar sem kærandi hafði einungis kært ákvörðunina frá 2007 kom synjunin frá 1999 einungis til skoðunar að því leyti sem hún hafði þýðingu við túlkun síðari synjunarinnar. Mat innanlandsdómstóla var það að reynslulausn kæranda væri ógn við öryggi almennings. Við það mat var þeim ekki alls óheimilt að líta til gagna og atvika frá sakamálinu, þrátt fyrir sýknu af brotinu sjálfu.

Þrátt fyrir að orðaval í synjuninni frá 2007 hefði getað verið heppilegra hvað varðar sekt kæranda þá var augljóst af lestri synjunarinnar að um var að ræða orðréttá tilvitnun í sérfræðing en ekki verið að lýsa skoðun dómsins, því tók dómurinn einungis ákvörðun um synjun en enga nýja afstöðu til brots þess er kærandi hafði verið sýknaður af. Var því ekki um að ræða brot á rétti til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

Baka gegn Ungverjalandi

Dómur frá 27. maí 2014

Mál nr. 20261/12

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Embættismissir. Réttur til aðgangs að dómstólum. Stjórnarskrárbreytingar.

1. Málsatvik

Kærandi er fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og var kjörinn forseti hæstaréttar Ungverjalandis árið 2009 og átti starfstíma hans að ljúka í júní 2015. Sem forseta hæstaréttar var honum einnig falið að vera í forsvari dómstólanefndar ungerska þingsins sem hefur það hlutverk að gefa umsögn um lagafrumvörp sem snerta starfsemi dómstóla. Á árinu 2011 gagnrýndi kærandi opinberlega lagafrumvörp sem m.a. miðuðu að því að dómárar yrðu skyldugir til að fara á eftirlaun við 62 ára aldur í stað 70 ára áður. Kærandi lét þessa gagnrýni

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

í ljós í gegnum talsmann sinn, í opinberum bréfum m.a. til annarra dómara og í ræðum sínum á þinginu.

Í apríl 2010 voru gerðar breytingar á stjórnarskrá Ungverjalands og var ákvæðum um skipan hæstaréttar landsins breytt í kjölfarið. Samkvæmt þessum ákvæðum tók skipunartími kæranda, sem þá var forseti hæstaréttar, enda 1. janúar 2012 eða þremur og hálfu ári fyrir en áætlað var. Þessi breyting varð til þess að kærandi naut ekki þeirra eftirlaunakjara sem forseta hæstaréttar voru ætluð þar sem hann náði ekki að starfa í full 6 ár. Með stjórnarskrárbreytingunni var skilyrðum fyrir skipun í starf forseta hæstaréttar breytt á þann veg að krafist var að umsækjendur hefðu starfað 5 ár sem dómamar við dómstóla landsins, en dómarastörf utan landssteinanna voru ekki metin til reynslu. Því missti kærandi almenn hæfisskilyrði fyrir skipun í embætti forseta. Þingið skipaði nýjan forseta hæstaréttar og nýjan formann dómstólanefndar þingsins í desember 2011 en kærandi starfaði áfram sem hæstaréttardómari.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hann hafi ekki haft aðgang að dómstólum til þess að leita réttar síns vegna þessara breytinga og að það hafi falið í sér brot á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar. Hann taldi einnig að honum hafi verið bolað úr embætti sökum gagnrýni sem hann hafði sett fram á opinberum vettvangi vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um dómstóla. Það hafi falið í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans um tjáningarfrelsi. Þá taldi hann einnig hafa verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans þegar honum var meinað um greiðslu eftirlauna, 13. gr. um rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og 14. gr. um bann við mismunun.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að opinberir starfsmenn ættu að njóta verndar 6. gr. sáttmálans líkt og aðrir borgarar aðildarríkjanna. Við ákveðin skilyrði væri ríkjum þó heimilt að takmarka þann rétt, en ríkin bæru sönnunarbyrðina fyrir því að þessi skilyrði væru uppfyllt. Í fyrsta lagi þyrfti að mæla skýrlega fyrir um það í lögum ef opinberir starfsmenn ættu ekki kost á að leita endurskoðunar dómstóla á ákvörðunum sem vörðuðu starf þeirra. Í öðru lagi yrði slík takmörkun að vera réttlæt看leg á grundvelli almannahagsmuna og ríkið þyrfti að sýna fram á að deiluefnið snerist um valdvið umrædds starfsmanns. Dómstóllinn taldi að ungverska ríkið hafi ekki sýnt fram á að takmörkun á rétti kæranda til að leita réttar síns hafi verið skýrlega sett fram í lögum en honum hafi reynst ómögulegt að leita réttar síns þar sem mælt var fyrir um starfsmissi hans í stjórnarskrá landsins og gæti því ekki sætt endurskoðun dómstóla. Þá taldi dómstóllinn að þessi takmörkun á rétti kæranda til að leita réttar síns hafi ekki verið réttlæt看leg með tilliti til almannahagsmuna. Því taldi dómstóllinn að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að þær breytingar sem gerðar voru á

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

ungversku stjórnarskránni varðandi starfsskilyrði kæranda hafi verið gerðar með stuttum fyrirvara skömmu eftir að hann setti fram harða gagnrýni á lagafrumvörp um breytingar á dómstólaskipan landsins. Ekki hafi verið fjallað um hæfni hans til að sinna starfinu á vettvangi þingsins eða fyrir öðrum stjórnvöldum og hann hafi því ekki átt tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Dómstóllinn taldi að staðreyndir málsins styddu þá skýringu kæranda að embættismissir hans hafi tengst þeirri gagnrýni sem hann hafi sett fram og það hafi falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hans. Dómstóllinn tók því til skoðunar hvort takmörkunin á tjáningarfrelsi kæranda hafi verið réttlætanleg. Hann taldi að þær breytingar á dómstólakerfinu sem kærandi hafi tjáð sig um hafi verið mikilvægt málefni sem átti erindi til almennings. Þá hafi kærandi verið að sinna lögbundnum skyldum sínum sem formaður dómstólanefndar þingsins þegar hann setti fram gagnrýni sína. Dómstóllinn leit einnig til þess að stjórnarskrárbreytingarnar hafi haft mikil áhrif á hagi kæranda og líkur væru á að aðgerðin hefði letjandi áhrif á pólitíska umræðu af þessu tagi þar sem hætta væri á að dómara treystu sér ekki til þess að gagnrýna stjórnvöld og ný lagafrumvörp. Dómstóllinn taldi því að takmörkunin á tjáningarfrelsi kæranda hafi ekki verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og hafi falið í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn tók fram að framtíðartekjur yrðu ekki taldar til eignar í skilningi ákvæðisins, nema þegar hafi verið unnið til þeirra eða að skýr réttur væri til þeirra. Ákvæðið verndaði ekki rétt manna til áframhaldandi greiðslu ákvæðinnar upphæðar launa til framtíðar. Þegar starf kæranda var lagt niður féll réttur hans til framtíðarlaunagreiðslna niður og ný lög komu í veg fyrir að hann ætti rétt á lífeyrisgreiðslum. Þó hafi hann ekki unnið sér inn umrædd réttindi og ekki væri hægt að færa rök fyrir því að hann ætti skýran rétt til þeirra. Því var kærðu hans á grundvelli 1. gr. 1. viðauka vísað frá dómi.

Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að meta hvort brotið hafi verið gegn 13. gr. og 14. gr. sáttmálans.

Í ljósi atvika taldi dómstóllinn ekki tímabært að leggja mat á greiðslu bóta til kæranda á grundvelli 41. gr. sáttmálans og hélt opnum möguleikanum á að kærandi og ríkið næðu samkomulagi um greiðslu bóta.

Margus gegn Króatíu
Dómur frá 27. maí 2014
Mál nr. 4455/10

Sjá reifun dómsins undir 4. gr. 7. viðauka
Óvilhallur dómstóll. Réttur til að vera viðstaddur málsmeðferð. Tvöföld málsmeðferð fyrir sama brot. Stríðsglæpir.

7. gr. Engin refsing án laga

Öcalan gegn Tyrklandi (2)

Dómur frá 18. mars 2014

Mál nr. 24069/03, 197/04, 6201/06 og 10464/07

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Fangar. Einangrun Lífstíðardómur án möguleika á reynslulausn,

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Lillo-Stenberg og Sæther gegn Noregi

Dómur frá 16. janúar 2014

Mál nr. 13258/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmíðlar. Opinberar persónur. Birting ljósmynda.

1. Málsatvik

Kærendur, Lars Lillo-Stenberg og Andrine Sæther, eru norskir ríkisborgarar, fædd 1962 og 1964, búsett í Osló og landsþekktir tónlistarmenn. Þann 20. ágúst 2005 giftu þau sig undir berum himni á hólma í Oslóarfirði en hólminn er opinn fyrir umferð almennings. Í kjölfarið birtist án leyfis þeirra tveggja blaðsíðna grein um brúðkaupið í vikuritinu *Se og Hör* með sex ljósmyndum. Sýndu þær brúðina koma í árabát út í hólmann í fylgd föður síns og brúðarmeyja, föður hennar fylgja henni til brúðgumans og brúðhjónin stikla á steinum aftur til lands. Brúðhjónin töldu blaðið hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs síns og kröfðust bóta. Höfðu þau betur á fyrstu tveim dómstigum en dómur Hæstaréttar Noregs féll þeim í óhag. Þóttu þau hafa gift sig á stað aðgengilegum almenningi, auk þess að greinin hefði hvorki verið meidandi né neikvæð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að dómur Hæstaréttar Noregs bryti gegn friðhelgi einkalífs þeirra skv. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að í málinu reyndi á jafnvægi milli réttar kærenda til verndar friðhelgi einkalífs síns skv. 8. gr. og tjáningarfrelsis útgefandans skv. 10. gr. sáttmálans.

Hvað snerti 8. gr. sáttmálans hefði dómstóllinn þegar slegið því föstu að hugtakið einkalíf næði m.a. til ljósmynda af fólki. Í vernd ímyndar manna fælist m.a. rétturinn til að synja um birtingu mynda. Enn fremur gæti jafnvel þjóðþekkt fólk, við ákveðnar aðstæður, byggt á lögmætum væntingum um vernd einkalífs síns.

Tjáningarfrelsið væri ein af grunnstöðum lýðræðisþjóðfélags. Það tæki ekki aðeins til lítt umdeilda „upplýsinga“ eða „hugmynda“, heldur einnig til þess sem ofbýður, hneykslar eða raskar ró manna, enda væri án fjölhyggju, umburðarlyndis og víðsýni ekkert lýðræðisþjóðfélag. Undantekningar frá tjáningarfrelsinu yrði að túlka þröngt og sýna yrði fram á nauðsyn hvers kyns takmarkana á sannfærandi hátt. Dómstóllinn vísaði einnig til mikilvægis fjölmíðla í lýðræðisþjóðfélagi. Að vísu yrðu þeir að halda sig innan vissra marka, einkum vegna mannorðs og réttinda

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

annarra en það væri bæði skylda fjölmiðla og réttur borgaranna að fjölmiðlar flyttu upplýsingar og hugmyndir um hvers kyns málefni sem vörðuðu almenning, enda gætu þeir ella ekki gegnt varðhundshlutverki sínu.

Þótt tjáningarfrelsið næði til birtingar ljósmynda væri vernd réttinda og mannorðs annarra sérstaklega mikilvæg í því efni, enda gætu afar persónulegar upplýsingar falist í ljósmyndum. Í orðinu „naudsyn“ í skilningi 2. mgr. 10. gr. sáttmálans fælist að fyrir hendi þyrfti að vera brýn þjóðfélagsþörf. Við mat sitt á því hvort slík þörf væri til staðar og til hvaða úrræða skyldi gripið hefðu innlend yfirvöld ákveðið svigrúm. Eftirlitshlutverk dómstólsins fæli í sér að skoða skerðinguna í heildarsamhengi málsins, ákvarða hvort réttlættingarrök yfirvalda ættu við og nægðu til, og hvort gætt hefði verið meðalhófs miðað við þau lögmatu markmið sem stefnt var að.

Nýlega hefði dómstóllinn sett fram meginreglur sem rétt væri að beita við skoðun á nauðsyn skerðingar tjáningarfrelsis til verndar mannorðs eða réttinda annarra en í slíkum málum gæti dómstóllinn þurft að ganga úr skugga um hvort innlend yfirvöld hefðu gætt eðlilegs jafnvægis milli stríðandi sáttmálatryggðra réttinda. Þau sjónarmið sem skiptu máli væru:

- framlag til umræðu sem varðaði almenning,
- hversu þekktur einstaklingurinn væri og frá hverju væri sagt,
- fyrri háttsemi viðkomandi,
- sannleiksgildi upplýsinganna og hvernig þeirra var aflað,
- efni, form og afleiðingar birtingar,
- þyngd viðurlaga.

Við heimfærsluna í máli kæranda benti dómstóllinn á að í framkvæmd sinni hefði hann m.a. fallist á að umræða um íþróttir og listamenn gæti varðað almenning. Það hversu þekktur einstaklingurinn væri og frá hverju væri sagt tengdist fyrsta sjónarmiðinu en kærundur væru opinberar persónur. Dómstóllinn samsinnti norskum dómstólum um að brúðkaup hefðu opinbera hlið. Efnisþátt sem varðaði almenning hefði því verið að finna í greininni. Um fyrri háttsemi kæranda væri dómstólnum ekki kunnugt, en það eitt að hafa áður verið samstarfsfús við fjölmiðla væru ekki frambærileg rök fyrir að svipta viðkomandi allri vernd gegn birtingu greinarinnar og ljósmyndanna. Hvað snerti þau sjónarmiðanna sem eftir væru hefðu innlendir dómstólar m.a. litið til þess að hvorki texti né myndir greinarinnar hefði sýnt kærundur í slæmu ljósi, gagnrýnt þá eða getað skadað mannorð þeirra. Þá hefðu engar myndir sýnt hjónavígsluna sjálfa. Einnig hefði verið litið til þess að kærundur hefðu kosið að halda brúðkaup sitt á vinsælu sumardvalarsvæði, á stað sem var aðgengilegt almenningi og þar sem hæglega mátti sjá athöfnina. Líklegt hefði því verið að hún drægi að sér athygli. Dómstóllinn áleit bæði meirihluta og minnihluta Hæstaréttar Noregs hafa lagt sig fram um að gæta jafnvægis milli tjáningarfrelsisins og friðhelgi einkalífsins. Í þeirri viðleitni hefði berum orðum verið tekið tillit til dómaframkvæmdar dómstólsins eins og hún hefði þá legið fyrir. Einnig hefðu í reynd verið metin öll þau sjónarmið sem síðar hefðu verið sett fram og þróuð í dómaframkvæmd dómstólsins, m.a. í síðara máli von Hannover gegn Þýskalandi og í máli Axel Springer AG gegn Þýskalandi, hvor tveggja frá 2012.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Þegar innlend yfirvöld hefðu lagt sig fram um að gæta jafnvægis í samræmi við þau sjónarmið sem dómstóllinn hefði mótað í framkvæmd sinni þyrfti veigamiklar ástæður til að endurkoða niðurstöðu innlendra dómstóla. Með tilliti til þess svigrúms sem innlendir dómstólar nytu við að gæta jafnvægis þegar hagsmunir vægjust á hefði Hæstiréttur Noregs ekki brugðist skyldum sínum skv. 8. gr. sáttmálans. Einróma niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið brotið gegn henni.

Lindström og Mässeli gegn Finnlandi

Dómur frá 14. janúar 2014

Mál nr. 24630/10

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fangar. Fangabúningar. Einangrun. Ómannleg og vanvirðandi meðferð. Mannleg reisn.

1. Málsatvik

Kærendur, Mark Kristian Lindström og Jouni Kristian Mässeli, eru finnskir ríkisborgarar, fæddir 1976 og 1971, annar búsettur í Åminnefors og hinn í Kotka í Finnlandi. Málið fjallar um skyldu þeirra til að klæðast sérstökum búningum á meðan þeir sættu einangrunarvist vegna gruns um að hafa reynt að smygla fíkniefnum inn í fangelsi þar sem þeir aflánuðu refsíðoma. Sætti annar þeirra einangrunarvist frá 9. til 16. maí 2004 en hinn frá 13. til 16. nóvember sama ár. Búningar þessir voru samfestingar sem huldu þá frá iljum upp að hálsi og var tryggilega lokað með plastræmum. Kærendur héldu því fram að þeir hefðu neyðst til að hægja sér í samfestingana. Hefði þeim síðan hvorki verið leyft að skipta um þá né þvo sér allan þann tíma sem einangrunin stóð. Eftir að kærendur höfðu kært meðferð sína til lögreglu var yfirmaður fangelsisins ákærður fyrir refsivert brot en finnskir dómstólar vísuðu ákærunum frá. Var lokabeiðni kærenda um leyfi til að áfrýja málum sínum hafnað í nóvember 2009.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram þeir hefðu sætt ómannlegri og vanvirðandi meðferð, einkum eftir að samfestingarnir höfðu óhreinkast. Töldu þeir enga lagastoð hafa verið fyrir notkun slíkra búninga og að brotið hefði verið gegn 3. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn ítrekaði að 3. gr. sáttmálans leggur fortakslaut bann við pyndingum, ómannlegri og vanvirðandi meðferð en að ill meðferð þyrfti að ná ákveðnum stigi alvarleika til að falla undir greinina. Það lágmarksstig væri afstætt og færi eftir öllum kringumstæðum máls. Í öllu falli þyrfti sú þjáning eða niður-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

læging sem um væri að ræða að vera umfram óhjákvæmilegar afleiðingar lögmætrar meðferðar eða refsingar. Rétt væri að líta til þess hvort tilgangur meðferðarinnar var að auðmýkja eða niðurlægja, þótt skortur á slíkum tilgangi útilokaði ekki endilega að um brot gegn 3. gr. sáttmálans gæti verið að ræða. Aðstæður í fangavist bæri að skoða í heild, auk þeirra tilteknur atriða sem kærandi kvarti yfir. Dómstóllinn vísaði til fyrri dómframkvæmdar sinnar um að útilokun frá samneyti við aðra fanga í öryggis-, aga- eða verndarskyni teldist ekki í sjálfu sér ómannleg meðferð eða vanvirðandi refsing. Líta yrði til aðstæðna allra, m.a. til strangleika, tímalengdar, markmiðs og áhrifa á viðkomandi einstakling.

Í fyrirleggjandi máli væri óumdeilt að kærendum hefði verið gert að klæðast lokuðum samfestingum í einangrunarvist sem hefði varað í annars vegar þrjá og hins vegar í nærri sjö daga. Samfestingarnir hefðu líkst venjulegum samfestingum en haft áfasta strigaskó, rennilás aftan á og plastræmur um úlnliðina. Ástæðan hefði verið að fylgjast náið öllum hægðum kæranda vegna gruns um innvortis smygl fíkniefna. Dómstóllinn taldi slík eftirlitskerfi geta átt rétt á sér í því skyni að viðhalda reglu og öryggi innan fangelsa og tryggja velferð fanganna, enda mögulegt að aðrar leiðir, t.d. myndavélar og eftirlit fangavarða, dygðu ekki. Dómstóllinn benti á að ráðstafanirnar væru gerðar til verndar heilsu fanga og væri ekki ætlað að niðurlægja. Ekki væri ætlast til að fangar hægðu sér í samfestingana, heldur að þeim væri fylgt á sérstök vöktuð salerni.

Kærendur hefðu haldið því fram að þeim hefði ekki verið fylgt á salerni í tæka tíð, að þeir hefðu orðið að vera í óhreinum samfestingum, að þeir hefðu ekki fengið að þvo sér og hefðu fengið húðertingu. Dómstóllinn tók fram að þess konar aðstæður kynnu að teljast andstæðar 3. gr. sáttmálans. Hins vegar hefðu innlendir dómstólar ekkert talið benda til að fangaverðir hefðu tafið þegar kærendur báðu um að komast á salerni. Ekki hefði heldur verið sýnt fram á að kærendum hefði ekki gefist viðhlítandi kostur á að þvo sér eftir þörfum, né að þeir hefðu þurft að vera áfram í óhreinum samfestingum. Loks hefðu kærendur ekkert lagt fram sem styddi að plastræmurnar við úlnliðina hefðu hruflað úlnliði þeirra eða samfestingarnir valdið ofnæmi. Það væri ekki í verkahring dómstólsins að endurskoða sönnunarmat innlendra yfirvalda og teldi dómstóllinn því að kærendum hefði ekki tekist að sanna umrædd atriði. Þar sem þörfin vegna öryggismála hefði verið sannfærandi og einangrunarvistin tiltölulega stutt næði notkun samfestinganna ein og sér ekki lágmarksstigi 3. gr. sáttmálans. Helgaðist það einkum af því að kærendum hefði ekki tekist að færa fram nein sönnunargögn um þá mögulega auðmýkjandi meðferðarþætti sem þeir segðust hafa orðið fyrir. Niðurstæða fimm dómara af sjö var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn kvað óumdeilt að réttur kæranda til friðhelgi einkalífsins skv. 8. gr. sáttmálans hefði verið skertur en í friðhelgi einkalífsins fælist einnig virðing fyrir mannlegri reisn. Ágreiningur væri hins vegar um það hvort skerðingin hefði átt stoð í lögum. Kærendur hefðu haldið því fram að hún hefði ekki byggt á öðru en verklagsreglum og fyrirmælum stjórnenda einstakra fangelsa. Ríkið hefði hins vegar vísað til ákvæðis í finnskum lögum um fullnustu refsinga

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

auk annarra fyrirmæla og reglna sem gilt hefðu á þeim tíma sem um ræddi.

Dómstóllinn tók fram að til að hafa stoð í lögum þyrftu viðkomandi lög að vera aðgengileg viðkomandi einstaklingi og vera fyrirsjáanleg, eftir atvikum með lögfræðilegri ráðgjöf. Hugtakið „lög“ bæri að skilja í efnislegri merkingu, ekki formlegri. Vald dómstólsins til að endurskoða hvort innlendum lögum hafi verið fylgt væri takmarkað, enda túlkun og beiting innlendra laga fyrst og fremst í verka-hring innlendra yfirvalda. Í þeim lögum sem ríkið væri vissulega fjallað um einangr-unarvist, t.d. um tímalengd, en ekki væri minnst á búninga af þessu tagi. Ekkert komi heldur fram um þá í lögskýringargögnum eða reglugerðum. Á umræddum tíma virðist einungis hafa verið mælt fyrir um notkun þeirra í reglum sem fangelsis-stjórinn hafi beint til fangelsisstarfsmanna. Lögin um fullnustu refsinga hafi því ekki verið nægilega skýr. Ekki virðist neinn möguleiki heldur hafa boðist á kæru eða öðrum raunhæfum úrræðum. Niðurstaða dómstólsins var því sú að skerðingin hafi ekki átt stoð í lögum, eins og 2. mgr. 8. gr. sáttmálans gerir að skilyrði. Því hafi verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn óþarft að skoða önnur skilyrði 2. mgr. 8. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 3000 evrur í miskabætur hvorum auk kostnaðar að upphæð 2500 evra til fyrri kæranda og 1000 til hins síðari.

Öcalan gegn Tyrklandi (2)

Dómur frá 18. mars 2014

Mál nr. 24069/03, 197/04, 6201/06 og 10464/07

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Fangar. Einangrun Lífstíðardómur án möguleika á reynslulausn,

Biao gegn Danmörku

Dómur frá 25. mars 2014

Mál nr. 38590/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Útlendingar. Dvalarleyfi. Reglur um ríkisborgarétt. Sameining fjölskyldu.

1. Málsatvik

Kærendur eru hjón, eiginmaðurinn er danskur ríkisborgari fæddur árið 1971 og á ættir að rekja til Tógó. Hann bjó í Gana til 21 árs aldurs en árið 1993 fluttist hann til Danmerkur og öðlaðist danskan ríkisborgarétt árið 2002. Árið 2003 kvæntist hann síðari kæranda sem er ganískur ríkisborgari fædd árið 1979 og uppalin í Gana og hefur engin tengsl við Danmörku og talar ekki dönsku. Eftir giftinguna sem fór fram í Gana sótti kærandi um dvalarleyfi í Danmörku en umsókninni var hafnað. Var það af þeim sökum að kærendur voru talin hafa sterkari tengsl við annað ríki en Danmörku og uppfylltu þannig ekki eitt af skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis í þeim tilgangi að sameina fjölskyldu. Hefði annar aðilanna verið með danskan ríkisborgarétt í 28 ár eða meira átti þessi regla ekki við.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Seinna kom konan til Danmerkur sem ferðamaður og fluttust hjónin eftir það til Svíþjóðar. Kærendur eignuðust þar son árið 2004 sem er danskur ríkisborgari sökum faðernisreglunnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggja annars vegar á því að 28 ára reglan feli í sér mismunun milli þeirra sem fæðast danskir ríkisborgarar og þeirra sem öðlast réttinn síðar á ævinni en það feli í sér brot á 14. gr. sbr. 8. gr. sáttmálans og hins vegar að með því að synja eiginkonunni um landvistarleyfi hafi danska ríkið brugðist jákvæðri skyldu sinni að vernda fjölskyldu kæranda.

Niðurstaða

Hvað varðar jákvæðar skyldur tók dómstóllinn fram að konan hefði ekki haft neinar lögmætar væntingar um að henni yrði veitt dvalarleyfi. Reglan um önnur sterkari tengsl tók gildi árið 2002 en þau gengu í hjúskap 2003 og máttu því vita af reglunni. Gat eiginkonan því ekki ætlað að með því að koma til landsins sem ferðamaður hlyti hún í kjölfarið landvistarleyfi. Fyrri kærandi sjálfur tók fram að ef hann yrði sér út um atvinnu í Gana myndu þau fá að búa þar. Þar af leiðandi komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að danska ríkið hefði ekki brotið skyldur sínar um vernd fjölskyldu kæranda þar sem fjölskyldan gat komið saman annars staðar, í landi sem báðir kærendur höfðu tengsl við. Einnig tók dómstóllinn fram að hófs hafi verið gætt og lögmætu markmiði um að tryggja virka innflytjendastjórnun hefði verið fylgt.

Við mat á mismunun milli innflytjenda og þeirra sem fæddust Danir féllst dómstóllinn á að þeir sem hefðu verið borgarar skemur en 28 ár fengju aðra meðferð. Hins vegar stefndi reglan að því marki að skilja á milli ríkisborgara með grunntengsl við Danmörku og ríkisborgara með sterk og föst tengsl við Danmörku enda væru meiri líkur á að slíkir einstaklingar gætu aðstoðað maka sinn til að aðlagast dönsku samfélagi. Á grundvelli þess að tengsl kæranda voru mun sterkari við Gana en Danmörku og að fyrri kærandi hafði ekki verið ríkisborgari lengur en 2 ár þegar hann reyndi að fá konuna til sín. Í því tilviki sem hér lá fyrir var því ekki talið um mismunun að ræða að teknu tilliti til lögmæts markmiðs 28 ára reglunnar.

Udovičić gegn Króatíu

Dómur frá 24. apríl 2014

Mál nr. 27310/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Önæði á heimili. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærandi, Ljubica Udovičić, er króatískur ríkisborgari fædd árið 1950 og búsett í Cubinec í Króatíu. Kærði hún ófullnægjandi viðbrögð yfirvalda við óhóflegum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hávaða og öðru ónæði frá vínveitingastað á hæðinni fyrir neðan íbúð sem hún hafði búið í síðan 1991. Vandamálin hefðu byrjað í ágúst 2002 þegar félag sem átti hluta hússins með henni hefði hafið byggingarframkvæmdir í því skyni að opna þar vínveitingastað og verslun. Næstu ár kvartaði kærandi ítrekað við yfirvöld vegna framkvæmdanna, vegna veitingar vínveitinga- og verslunarleyfis og ófullnægjandi hljóðeinangrunar og hávaða frá vínveitingastaðnum. Voru öll þau að enn til meðferðar innan stjórn-sýslunnar þegar málið kom fyrir Mannréttindadómstólinn. Hún höfðaði einnig einkamál vegna hávaðans árið 2006 en því var vísað frá með þeim rökum að ekki hefði verið farið yfir leyfileg hávaðamörk. Kærum til stjórn-lagadómstóls og saksóknara var einnig vísað frá árið 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn 8. gr. sáttmálans, réttinum til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Hún hélt því fram að yfirvöld hefðu látið undir höfuð leggjast að vernda sig gegn óhóflegum hávaða veitingastaðarins og öðrum óþægindum, einkum vegna ölvaðra og ofbeldisfullra viðskiptavina, sem hún hefði mátt þola í meira en tíu ár og hefðu valdið sér stöðugri vanlíðan.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að vernd 8. gr. sáttmálans næði til þess að einstaklingar fengju notið heimila sinna í friði. Þótt sáttmállinn tryggði ekki berum orðum rétt til hreins og kyrrláts umhverfis gæti 8. gr. átt við þegar einstaklingur yrði fyrir beinum og alvarlegum áhrifum af hávaða eða annarri mengun. Enda þótt kjarni markmiðs 8. gr. væri að vernda einstaklinga gegn gerræðislegum afskiptum yfirvalda, kynni yfirvöldum að vera skylt að gera ráðstafanir til að tryggja friðhelgi einkalífsins í skiptum einstaklinga sín á milli. Meginreglurnar væru í stórum dráttum svipaðar, hvort sem mál væru skoðuð út frá jákvæðri skyldu ríkisins til að grípa til eðlilegra og viðeigandi ráðstafana til að tryggja rétt einstaklingins skv. 1. mgr. 8. gr. sáttmálans eða skoðuð út frá afskiptum yfirvalda sem réttlæta þyrfti í samræmi við 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Í báðum tilvikum þyrfti að gæta eðlilegs jafnvægis milli stríðandi hagsmuna einstaklingsins og samfélagsins í heild. Í leitinni að því jafnvægi gætu markmiðin, sem kæmu fram í 2. mgr. 8. gr. sáttmálans, skipt vissu máli, jafnvel að því er varðaði jákvæðar skyldur.

Dómstóllinn benti á að hávaðinn kom frá vínveitingastað sem hefði verið rekinn í meira en tíu ár í húsinu þar sem kærandi bjó. Þá yrði ekki fram hjá því litið að lögregla hefði verið kölluð til 87 sinnum vegna ýmiss konar óspekta af völdum viðskiptavina staðarins, sem leitt hefðu til 42 málsókna. Ónæðið hefði því ljóslega náð því stigi að yfirvöldum hefði verið skylt að vernda kæranda gegn því.

Dómstóllinn tók fram að könnun sín á umhverfislegum álitamálum væri tvíþætt. Fyrst kynni hann að ganga úr skugga um að ákvörðun innlendra yfirvalda væri efnislega samrýmanleg 8. gr. sáttmálans. Því næst kynni hann að rýna í

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

ákvörðunarferlið til að tryggja að hagsmunir einstaklingsins hefðu vegið nægilega þungt með tilliti til jákvæðra skyldna ríkisins skv. 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn leit til þess að þrátt fyrir fjölda kvartana við lögbær innlend yfirvöld hefðu meira en tíu ár liðið án þess að tekið væri á málinu á viðhlítandi hátt. Ríkið hefði látið undir höfuð leggjast að sinna málinu á tilhlýðilegan hátt og taka viðeigandi tillit til allra stríðandi hagsmuna. Það varð því einróma niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði brugðist jákvæðum skyldum sínum til að tryggja kæranda friðhelgi heimilis síns og einkalífs og þar með brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu taldi dómstóllinn óþarft að fjalla um hvort brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Kæru um brot gegn 5. gr. sáttmálans var vísað frá sem augljóslega illa grundaðri. Kæranda voru dæmdar 7500 evrur í miskabætur og 7249 evrur í málskostnað.

L.H. gegn Litháen

Dómur frá 29. apríl 2014

Mál nr. 52019/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Persónuupplýsingar. Aðgangur að sjúkraskrá. Lagaheimild fyrir takmörkun.

1. Málsatvik

Kærandi er fædd árið 1975 og búsett í Cēsis í Litháen. Við barnsfæðingu á almenningssjúkrahúsi árið 1997 var gerð á henni ófrjósemisaðgerð án samþykkis hennar. Eftir að hafa reynt settir höfðaði kærandi mál og vann að lokum skaðabótamál gegn sjúkrahúsinu. Í millitíðinni hafði forstjóri sjúkrahússins skrifað eftirlitsaðila (Gæðaeftirliti heilbrigðisþjónustu og vinnufærni, M) og farið fram á að mat yrði lagt á þá lækni meðferð sem kærandi fékk á sjúkrahúsinu. Í framhaldinu fékk M aðgang að sjúkraskrá kæranda frá þrem mismunandi sjúkrastofnunum. Sendi það síðan frá sér skýrslu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að við fæðinguna hefðu engin lög verið brotin. Í kjölfarið vefengdi kærandi lögmæti rannsóknarinnar en kæru hennar var vísað frá, enda hafði Hæstiréttur landsins komist að þeirri niðurstöðu að innlend lög heimiluðu M að rannsaka að beiðni lækningastofnana gæði lækniþjónustu sem þar væri veitt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs hennar skv. 8. gr. sáttmálans vegna aðgangs sem M var veittur að sjúkraskrá hennar.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði mikilvægi verndar lækni- og fræðilegra gagna til að menn fengju notið friðhelgi einkalífsins. Skoða þyrfti hvort gildandi innlend lög hefðu verið nægilega skýr og veitt næga réttarvernd gegn geðþóttaákvörðunum. Gildandi reglur lýstu valdsviði M mjög almennt og ekki virtist fyrir að fara lagaheimild

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

um að sjúkrahús gætu leitað til þess sem óháðs aðila um sérfræðiráðgjöf vegna yfirstandandi málaferla. Enn fremur takmörkuðu innlend lög á engan hátt umfang þeirra persónuupplýsinga sem M gat aflað í tengslum við slíka rannsókn. Það hefði safnað læknisfræðilegum gögnum um kæranda frá sjö ára tímabili án nokkurrar afmörkunar og án þess að meta fyrirfram hvort þau gætu mögulega ráðið úrslitum, átt við eða skipt máli um markmið rannsóknarinnar. Loks vektu upphaf rannsóknarinnar sjö árum eftir ófrjósemisaðgerðina vafa um hvort gagnasöfnunin hefði verið „naudðsynleg í skyni læknismedferðar eða veitingar eða stjórnunar heilbrigðisþjónustu“, eins og landslög gerðu að skilyrði. Að öllu þessu virtu komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að gildandi lög hefðu hvorki tilgreint nógu skýrlega umfang né beitingu þess ákvörðunarvalds sem yfirvöldum var fengið í hendur. Taldi dómurinn því brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 11000 evrur í miskabætur.

López-Guió gegn Slóvakíu

Dómur frá 3. júní 2014

Mál nr. 10280/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Haag-samningur um brottnám barna. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi er spænskur ríkisborgari sem eignaðist barn með slóvakískri konu á Spáni. Þegar barnið var eins árs fór móðir barnsins með það til Slóvakíu. Kærandi höfðaði mál fyrir héraðsdómi Bratislava á grundvelli Haag-samningsins um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna með flutningi milli landa með vísan til þess að móðirin hefði flutt barnið úr landi án heimildar. Þinghald var í málinu í tvígang og mætti réttargæslumaður barnsins í hvorugt skiptið. Í kjölfarið úrskurðaði héraðsdómur að barnið skyldi sent aftur til Spánar til föður síns. Þessi niðurstaða var staðfest á millidómsstigi og Hæstiréttur synjaði um áfrýjun. Móðir barnsins skaut málinu til Stjórnlagadómstóls Slóvakíu án vitneskju föðursins og komst sá dómstóll að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun héraðsdóms að dæma í málinu í fjarveru réttargæslumanns væri brot á réttindum barnsins og var málið tekið fyrir að nýju í héraðsdómi þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að barninu væri fyrir bestu að vera í Slóvakíu. Við áfrýjun var þessi niðurstaða staðfest.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kæran var byggð á því slóvakíska ríkið hefði brugðist skyldum sínum skv. 8 gr. sáttmálans um að vernda friðhelgi fjölskyldunnar með því að grípa inn í meðferð dómsmálsins án þess að hagsmunir allra aðila væru metnir.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi þess að kærandi hafði ekki verið aðili að málinu fyrir stjórnlagadómstólnum og ekki fengið tækifæri til þess að vita af þeim málaferlum hafi verið brotið gegn réttindum hans. Alvarleiki brotsins var talin meiri í ljósi þess að þetta var síðasta úrræði kæranda til að fá barn sitt aftur til heimalands síns þar sem önnur úrræði höfðu verið tæmd.

Var þar af leiðandi um brot á 8. gr. að ræða. Kæranda voru dæmdar 19.500 evrur í miskabætur.

I.S. gegn Þýskalandi

Dómur frá 5. júní 2014

Mál nr. 31021/08

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Ógilding ættleiðingar.

1. Málsatvik

Kærandi er gift þýsk kona sem varð þunguð af tvíburum utan hjónabands. Eiginmaður hennar flutti út af heimili þeirra og neitaði að flytja inn að nýju nema hún gæfi tvíburana frá sér til ættleiðingar. Mánuði eftir að tvíburarnir fæddust féllst kærandi, sem þáði lækniástoð vegna þunglyndis, á að láta börnin frá sér í fóstur með það fyrir augum að þau væru endanlega gefin til ættleiðingar. Kærandi hitti í kjölfarið tilvonandi kjörforeldra barnsins og sættist fimm mánuðum síðar á formlega ættleiðingu, þetta gerði hún frammi fyrir lögvotti og sættist þar á lagalegar afleiðingar ættleiðingarinnar. Samkomulag komst á með kjörforeldrunum og kæranda að henni yrði árlega sendar myndir og stutt frásögn af lífi barnanna.

Kærandi reyndi að fá ættleiðinguna ógilta með vísan til þess að samþykki hennar hefði verið ógilt sökum andlegs ástands hennar. Þegar það gekk ekki óskaði hún formlega eftir því að fá að hafa samskipti við börnin. Því var hafnað þar sem tengsl hennar við börnin voru rofin við ættleiðinguna. Hún krafðist einnig upplýsinga um börnin en yfirvöld vísuðu til þess að slík réttindi væri einungis ætluð foreldrum og kærandi hefði ekki stöðu foreldris eftir ættleiðinguna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að með því að neita henni um að hafa samskipti við og fá upplýsingar um börn sín hafi þýska ríkið brotið á rétti hennar til friðhelgis einkalífs og fjölskyldu skv. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Talið var að þrátt fyrir að kærandi hefði skorið á fjölskylduböndin með því að gefa börnin til ættleiðingar félli málið um hvaða réttindi og skyldur stæðu eftir og féllu undir einkalíf kæranda sem líffræðilegrar móður.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Kærandi þáði lögfræðilega ráðgjöf frá sjálfstæðum lögfræðingi áður en hún gaf börnin frá sér eins og skylda ber til við ættleiðingar. Er því ætlað að koma í veg fyrir misskilning líffræðilegra foreldra á eðli ættleiðingarinnar og afleiðinga. Taldi dómstóllinn því að kærandi hafi átt að geta skilið að samþykki fyrir ættleiðingunni gat ekki verið bundið skilyrðum og var óafturkræft.

Ættleiðingarferlið sem heild, þar með talin meðferðin fyrir dómstólum, var talið hafa verið sanngjarnt og til þess fallið að gæta réttinda kæranda. Réttindi hennar og lagaleg tengsl gagnvart börnunum röknuðu upp við ættleiðinguna og var hún fullkomlega meðvitund um það. Að teknu tilliti til þessa var sú ákvörðun þýskra dómstóla talin réttlætanagerleg að meta hagsmuni kjörforeldranna af friðhelgi fjölskyldu sinnar meiri en hagsmuni kæranda af að hitta líffræðileg börn sín að nýju. Var því ekki um brot á sáttmálanum að ræða.

Menesson og Labassee gegn Frakklandi

Dómur frá 26. júní 2014

Mál nr. 65192/11 & 65941/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Staðgöngumæðrun. Lagaleg tengsl barns við foreldri.

1. Málsatvik

Kærendur í fyrra málinu, Dominique og Sylvie Mennesson, eru franskir ríkisborgarar fædd árið 1955 og 1965 og eru gift. Dætur þeirra, tvíburarnir, Valentina og Fiorella Mennesson, eru bandarískir ríkisborgarar fæddar árið 2000 eru einnig kærendur. Þau eru öll búsett í Maisons-Alfort í Frakklandi. Kærendur í síðara málinu eru frönsku hjónin Francis og Monique Labassee fædd árin 1950 og 1951 og dóttir þeirra Juliette Labassee sem er bandarískur ríkisborgari fædd árið 2001. Þau eru búsett í Toulouse. Kærendur í báðum málum eiga það sameiginlegt að hafa ekki fengið viðurkennt lagalegt foreldrasamband við börnin sín sem voru öll fædd með aðstoð staðgöngumæðra í Bandaríkjunum. Franska ríkið heldur því fram að samningar um aðstoð staðgöngumæðra séu ólöglegir.

Sökum ófrjósemi beggja kvennanna í málunum sóttu bæði hjónin sér aðstoð staðgöngumæðra í Bandaríkjunum og var fósturvísun frjóvguðum með sæði hvors eiginmanns komið fyrir í legi viðkomandi staðgöngumæðra. Bandarískir dómstólar hafa úrskurðað að hjónin séu löglegir foreldrar barna sinna. Franska ríkið grunaði að leitað hefði verið aðstoðar staðgöngumóður og neitaði því að skrá börnin í Frakklandi. Fór sú synjun alla leið fyrir Hæstarétt Frakklands sem komst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn friðhelgi fjölskyldunnar með synjuninni þar sem börnin væru börn foreldra sinna í Bandaríkjunum og synjun á skráningu í Frakklandi hindri þau ekki í að búa með foreldrum sínum í Frakklandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur í báðum málum töldu brotið gegn friðhelgi einkalífs síns og fjölskyldu og vísuðu til þess að það væri andstætt hagsmunum barna þeirra að fá ekki skráð lagalegt tengsl við foreldra sína í Frakklandi.

Niðurstaða

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að til skoðunar í málinu væri bæði einkalíf og fjölskyldulíf kæranda í skilningi 8. gr. Dómstóllinn viðurkenndi að börnin og foreldrarnir hefðu lifað sem ein fjölskylda alveg frá fæðingu í báðum málum. Einnig tók dómstóllinn fram að rétturinn til að hafa lagalegt samband við foreldra sína liggir í kjarna hugtaksins einkalíf. Skerðingin á þessum réttindum hafi þó verið í samræmi við landslög. Takmörkun laganna stefndi að tveim markmiðum, verndun heilsu og réttinda og frelsi annarra. Synjun franska ríkisins hafi átt rót sína í því að aftra öðrum frönskum borgurum frá því að sækja sér aðstoð staðgöngu-mæðra erlendis og fara þannig fram hjá frönskum lögum.

Dómstóllinn áréttaði að þegar kæmi að reglum um aðstoð staðgöngumæðra nytu ríkin mikils svigrúms enda væri það siðferðislega erfitt mál sem ekki væri samstaða um innan Evrópu. Þó þyrfti að veita það svigrúm á við rétt barns til foreldra sinna. Þá tók dómstóllinn fram að sérstaka athygli yrði að veita megin-reglunni um að ávallt beri að gera það sem barni er fyrir bestu.

Hvað varðaði rétt kæranda til fjölskyldulífs hafi það augljós áhrif að fá ekki skráningu barnanna innan Frakklands. Hins vegar sé ekkert fram komið í málinu af hálfu franska ríkisins né kæranda sem sýni að það muni hafa veruleg áhrif, né að aðstaða þeirra muni vera önnur en aðstaða annarra fjölskyldna. Enn fremur hafi kærendur ekki sýnt fram á að hætta sé á að börnin muni aðskilin frá foreldrum sínum. Þar sem franskir dómstólar höfðu tekið þetta til skoðunar og ályktað að það hefði ekki áhrif á réttarlega stöðu foreldranna gagnvart börnum sínum að fá ekki skráningu innan Frakklands þá haggæði Dómstóllinn ekki þeirri ályktun. Var því ekki talið um að ræða brot á 8. gr. hvað varðaði fjölskyldulíf kæranda.

Hinsvegar að því er varðaði rétt barnanna til einkalífs var talið ljóst að þau lifðu við talsverða lagalega óvissu. Þrátt fyrir að vera meðvitað um lagalega stöðu þeirra erlendis, sem börn foreldra sinna, neiti franska ríkið þeim um þá stöðu innan Frakklands. Þetta hafi ekki einungis áhrif á sjálfsmynd barnanna innan fransks samfélags heldur einnig teljandi áhrif á erfðarétt þeirra eftir foreldra sína. Dómstóllinn ályktaði því að rétturinn til einkalífs feli í kjarna sínum í sér réttinn til að þekkja foreldra sína og auðkenni sitt. Einnig vó sú staðreynd þungt að feðurnir væru líffræðilegir feður barnanna. Þegar þetta var virt taldi dómstóllinn að synjun franska ríkisins á skráningu barnanna hafi falið í sér brot á einkalífi þeirra í skilningi 8. gr. sáttmálans.

Menesson hjónin fengu 15.000 evrur í málskostnað ásamt 5.000 evrum handa hvorum tvíburanna í miskabætur. Labassee hjónin fengu svo 4.000 evrur í málskostnað og 5.000 evrur í miskabætur handa dóttur sinni.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Biblúmiðstöð Chuvashlýðveldisins gegn Rússlandi

Dómur frá 12. júní 2014

Mál nr. 33203/08

9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi

Trúfélög. Skólarekstur. Starfsleyfi.

1. Málsatvik

Kærandi er Hvítasunnusöfnuður sem var skráð sem trúfélag í nóvember 1991. Árið 1996 stofnaði það biblíuskóla og sunnudagaskóla. Í október 2007 leysti Hæstiréttur Rússlands trúfélagið upp án nokkurrar viðvörunar á þeim grundvelli að það hafi rekið menntastofnun án leyfis og brotið gegn heilbrigðis- og hreinlætislöggjöfinni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að upplausn safnaðarins hafi brotið gegn trúfrelsi og þar með 9. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Upplausn safnaðarins var skerðing á réttindum kæranda en dómstóllinn tók til nánari meðferðar hvort sú skerðing gæti átt rétt á sér. Aðgerðin átti stoð í lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að vernda heilsu fólks með lokun skóla sem ekki höfðu leyfi til reksturs og oft voru reknir við óheilsusamlegar aðstæður.

Kærandi hafði rekið skólann um 11 ára skeið óáreittur og árið 2002 hafði dómstóll í Rússlandi komist að þeirri niðurstöðu að sunnudagaskólar stæðu utan menntakerfis landsins og væri því ekki þörf á leyfi til þess að reka þá. Gat kærandi því ekki séð fyrir þá skýringu réttarins að leyfi þyrfti til reksturs sunnudagaskóla. Eins þótti nauðsynlegt að taka tillit til þess að Hæstiréttur hafði svo snúið ákvörðun sinni, hvað þetta varðar, við 9 mánuðum síðar í öðru máli.

Kærandi hafði því enga ástæðu til að ætla að um lögbrot væri að ræða. Einungis einum degi eftir að Hæstiréttur hafði úrskurðað að kærandi væri að brjóta lögin var ákveðið að leysa söfnuðinn upp. Ekki voru gefin tækifæri til að bæta aðstöðuna eða að verða sér úti um réttindin.

Dómstóllinn fékk ennfremur ekki séð að upplausn trúfélagsins hefði verið nauðsynleg til að ná því markmiði að biblíuskólinn og sunnudagaskólinn væru ekki starfræktir í leyfisleysi. Var þannig talið vegið að trúfrelsi meðlima kæranda og því um brot á 9. gr. sáttmálans að ræða.

Krupko o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 26. júní 2014

Mál nr. 26587/07

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi

Trúfélög. Trúarleg samkoma. Handtaka. Frelsissvipting

1. Málsatvik

Kærendurnir fjórir eru allir vottar Jehóva sem tilheyra ýmsum söfnuðum í Moskvu. Þann 12. apríl 2006 voru 400 manns, þar með taldir kærendur, á leið til árlegrar trúarhátíðar. Lögreglan umkringdi þá bygginguna, sem leigð hafði verið af því tilefni, og meinaði þeim inngöngu. Fjórtán manns, þar með taldir kærendur, voru einangraðir frá hópnun og farið með þá á lögreglustöð þar sem þeim var haldið í rúmar þrjár klukkustundir.

Kærendur leituðu réttar síns fyrir innlendum dómstólum vegna þess að hátíðarhöldin voru trufluð og vegna handtökunnar. Endanlegur dómur þar var kveðinn upp í mars 2007 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að lögreglan hafi á lögmætan hátt stöðvað hátíðarhöldin þar sem þau fóru fram í húsnæði sem ekki var við hæfi samkvæmt lögum og reglum og að þrjár klukkustundir gætu ekki talist gæsluvarðhald.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kæran byggir á að stöðvun hátíðarhaldanna hafi brotið gegn trúfrelsi kæranda skv. 9. gr. sáttmálans og að gæsluvarðhald yfir kændum hafi falið í sér frelsis-
sviptingu og þannig brotið gegn 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 5. gr.: Þrátt fyrir að þrjár klukkustundir séu skammur tími þá var í aðgerðum lögreglu falin valdbeiting sem bar einkenni frelsissviptingar. Kærendur sýndu lögreglumönnum skilríki, svöruðu spurningum þeirra og fóru að skipunum þeirra. Þeir voru ekki grunaðir um glæp né var mál höfðað gegn þeim. Lögreglustjórinn á stöðinni sem þeir voru vistaðir viðurkenndi við meðferð málsins í Rússlandi að þeir hefðu ekki verið grunaðir um neinn glæp. Voru því skilyrði handtöku ekki til staðar og niðurstaðan brot á 5. gr. sáttmálans.

Um 9. gr.: Stöðvun hátíðarhaldanna fól í sér skerðingu á trúfrelsi. Ekki var nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort skerðingin ætti sér stoð í lögum þar sem ekki fékkst séð að hennar gerðist þörf í lýðræðissamfélagi. Dómstóllinn hefur ítrekað haldið því fram að þrátt fyrir að yfirvöldum hafi ekki verið tilkynnt um útifund gefi það lögreglu ekki rétt til að leysa upp fund að því gefnu að hann fari friðsamlega fram. Í þessu máli var um enn alvarlegra inngríp að ræða þar sem samkoman fór fram innandyrna í samkomusal og ógnaði á enga hátt almannaöryggi.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Við þessar kringumstæður getur inngrip vopnaðra lögreglumanna í friðsamleg hátíðarhöld, jafnvel þótt þau fram fari í leyfisleysi, ekki verið réttlætanleg með tilliti til almannaöryggis. Dómstóllinn úrskurðaði því að aðgerðir rússnesku lögreglunnar hafi falið í sér brot á 9. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 30.000 evrur í miskabætur í sameiningu.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ojala og Etukeno Oy gegn Finnlandi
Ruusunen gegn Finnlandi
Dómar frá 14. janúar 2014
Mál nr. 69939/10 og 73579/10
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu
10. gr. Tjáningarfrelsi
Opinberar persónur. Stjórn málamenn.

1. Málsatvik

Kærendur í fyrra málinu eru Kari Markus Ojala, útgefandi, finnskur ríkisborgari fæddur árið 1952 og búsettur í Helsinki, og Etukeno Oy, útgáfufyrirtæki sem er finnskt félag með takmarkaða ábyrgð og höfuðstöðvar í Helsinki. Kærandi í síðara málinu er Susan Ruusunen, finnskur ríkisborgari fædd árið 1970 og einnig búsett í Helsinki. Málin snerust um sakfellingu Ruusunen og Ojala fyrir að rita og birta sjálfsævisögu þeirrar fyrrnefndu, þar sem fram komu upplýsingar um ástarsamband hennar við forsætisráðherra Finnlands um níu mánaða skeið á embætti-istíma ráðherrans.

Forsætisráðherrann sat í embætti frá júní 2003 til júní 2010 en bókin kom út í febrúar 2007. Í október 2007 voru Ojala og Ruusunen ákærð fyrir að birta upplýsingar um einkalíf forsætisráðherrans. Ráðherra krafðist einnig skaðabóta úr hendi útgefandans en aðhafðist ekki gagnvart Ruusunen. Bókin var tekin úr sölu í febrúar 2008. Í mars sama ár vísaði héraðsdómur ákærunum frá en á millidómstigi og í Hæstarétti Finnlands voru báðir kærendur sakfelldir fyrir brot gegn friðhelgi einkalífs ráðherrans. Að vísu var ýmislegt í bókinni talið réttmætt viðfangsefni almannaumræðu en að lýsingar á kynlífi og nánnum samskiptum brytu gegn friðhelgi einkalífs ráðherrans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu brotið gegn tjáningarfrelsi sínu skv. 10. gr. sáttmálans. Ruusunen hélt því sérstaklega fram að hún hefði einungis skýrt frá eigin einkalífi, jafnvel þótt upplýsingarnar hefðu einnig varðað forsætisráðherrann fyrrverandi.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst á að tjáningarfrelsi kærenda skv. 10. gr. sáttmálans hefði verið skert. Skerðingin hefði verið lögmælt og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda mannorð annarra. Því þyrfti að leysa úr því álitamáli hvort skerðingin hefði verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Dómstóllinn rifjaði upp mikilvægi tjáningarfrelsisins en það tæki ekki aðeins til lítt umdeilda „upplýsinga“ eða „hugmynda“ heldur einnig til þess sem ofbýður, hneykslar eða raskar ró manna. Undantekningar

10. gr. Tjáningarfrelsi

frá tjáningarfrelsinu yrði að túlka þröngt og og sýna yrði fram á nauðsyn hvers kyns takmarkana þess á sannfærandi hátt.

Í orðinu „nauðsyn“ í skilningi 2. mgr. 10. gr. sáttmálans fælist að fyrir hendi þyrfti að vera brýn þjóðfélagsþörf. Við mat sitt á því hvort slík þörf væri til staðar og til hvaða úrræða skyldi gripið hefðu innlend yfirvöld ákveðið svigrúm. Þegar dómstóllinn sinnti eftirlitshlutverki sínu þyrfti hann að skoða skerðinguna í ljósi heildarsamhengis málsins, m.a. efnis ummæla kæranda og samhengis þeirra. Einkum þyrfti að ákvarða hvort innlend yfirvöld hefðu gætt meðalhófs miðað við þau lögsmætu markmið sem stefnt var að og hvort réttlættingarrök þeirra ættu við og væru nægjanleg. Dómstóllinn þyrfti bæði að ganga úr skugga um að innlend yfirvöld hefðu beitt viðmiðum sem samrýmdust sáttmálanum og að þau hefðu byggt á ásættanlegu mati á staðreyndum málsins.

Dómstóllinn minnti á að enda þótt mörk leyfilegrar gagnrýni á stjórnámálamenn séu tiltölulega rúm, geti jafnvel opinberar persónur byggt á lögsmætum væntingum um vernd og friðhelgi einkalífi síns. Enn fremur hefði dómstóllinn nýlega sett fram þær meginreglur sem rétt væri að beita við skoðun á nauðsyn skerðingar tjáningarfrelsis til verndar mannorðs eða réttinda annarra, en í slíkum málum gæti dómstóllinn þurft að ganga úr skugga um hvort innlend yfirvöld hefðu gætt eðlilegs jafnvægis milli stríðandi réttinda sem sáttmálinn verndaði. Þau sjónarmið sem skiptu máli væru:

- framlag til umræðu sem varðaði almenning,
- hversu þekktur einstaklingurinn væri og frá hverju væri sagt,
- fyrri framganga viðkomandi,
- sannleiksgildi upplýsinganna og aðferð við öflun þeirra,
- efni, form og afleiðingar birtingar,
- þyngd viðurlaga.

Í málum kæranda hefðu innlendir dómstólar m.a. litið til þess að bókin lýsti ekki aðeins einkamálum Ruusunen og ástarsambandi hennar við forsætisráðherrann, heldur einnig aðstæðum þar sem tveir ólíkir heimar finnsks samfélags mættust, annars vegar auðugur flokksleiðtogi og hins vegar einstæð móðir í fjárkröggum. Ráðherra hefði verið opinber persóna og hefði sem slíkur þurft að umbera meiri umfjöllun og gagnrýni en fólk almennt. Ekkert benti til að upplýsinga hefði verið aflað með blekkingum eða á ólögsmætan hátt. Þvert á móti hefði leyfis ráðherra verið óskað, og það veitt, til að nota mynd af honum á bókarkápunni. Stíll bókarinnar hefði hvorki verið ögrandi né ykjukenndur. Ekkert hefði komið fram um að rangt hefði verið farið með staðreyndir eða kærendingur gengið fram af óheilindum. Þá hefðu innlendir dómstólar litið til fyrri upplýsinga sem ráðherra hefði veitt um fjölskyldu sína og venjur, m.a. í sjálfsævisögu sem hann gaf út árið 2005.

Dómstóllinn taldi innlenda dómstóla hafa lagt áherslu bæði á tjáningarfrelsi kæranda og rétt ráðherrans til friðhelgi einkalífs síns. Meðal annars hefðu þeir vegið og metið meginreglur 10. gr. sáttmálans og þau sjónarmið sem mótast hefðu í nýlegri dómaframkvæmd dómstólsins. Litið hefði verið til sjónarmiða um brýna þjóðfélagsþörf og meðalhóf. Hæstiréttur Finnlands hefði talið ákveðna hluta bókar-

10. gr. Tjáningarfrelsi

innar fjalla um kjarnaþætti í einkalífi ráðherrans og vera til þess fallna að baka honum þjáningu og fyrirlitningu. Hefði Hæstiréttur því talið nauðsynlegt að skerða tjáningarfrelsi kæranda til að vernda friðhelgi einkalífs ráðherrans.

Dómstóllinn taldi þessa röksemdarfærslu ásætlanlega, enda rökstudda á sannferandi hátt og með hliðsjón af dómaframkvæmd sinni. Þegar svo háttáði til þyrfti veigamiklar ástæður til að hann setti eigin skoðun í stað niðurstöðu innlendra dómstóla. Loks hefðu viðurlög verið hófleg. Innlendir dómstólar hefðu byggt á rökum sem bæði skiptu máli og nægðu til að sýna fram á nauðsyn skerðingar tjáningarfrelsisins. Með tilliti til þess svigrúms sem ríki nytu í þessu efni hefði verið gætt eðlilegs jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem vógust á í málinu. Ekki hefði því verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Pentikäinen gegn Finnlandi

Dómur frá 4. febrúar 2014

Mál nr. 11882/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Mótmæli. Fyrirmæli lögreglu. Blaðamenn.

1. Málsatvik

Kærandi er ljósmyndari og blaðamaður hjá finnsku tímariti. Árið 2006 var hann sendur til að fylgjast með mótmælum á götum Helsinki. Þrátt fyrir að blaðamönnum hafi verið úthlutað sérstöku öruggu svæði til að fylgjast með mótmælunum ákvað hann að vera í hópi mótmælendanna. Þegar óeirðir brutust út vegna mótmælanna lokaði lögregla svæðið af og skipaði mótmælendum að yfirgefa það. Flestir mótmælendurnir urðu við þessum fyrirmælum lögreglu en um 20 neitudu að yfirgefa svæðið þ.á.m. kærandi. Lögregla skipaði þeim aftur að yfirgefa svæðið og tók fram að þeir sem hlýddu ekki fyrirmælunum yrðu handteknir. Kærandi vildi ekki yfirgefa svæðið, enda taldi hann að fyrirmæli lögreglu beindust aðeins að mótmælendum. Hann var þó handtekinn ásamt mótmælendum og var í haldi lögreglu í 17 klukkustundir. Ekki er ljóst á hvaða tímapunkti lögreglan komst að því að hann væri blaðamaður. Kærandi var sakfelldur í undirrétti fyrir að hafa ekki farið að fyrirmælum lögreglu en honum var ekki gerð refsing fyrir brotið. Áfrýjunardómstóll staðfesti þann dóm og áfrýjun hans til Hæstaréttar var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að handtaka hans og sakfelling hafi skert tjáningarfrelsi hans sem blaðamanns og þar með brotið gegn 10. gr. sáttmálans

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að handtaka kæranda og sakfelling hans hafi falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hans. Takmörkunin hafi verið byggð á settum lögum í því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir óeirðir og glæpi. Dómstóllinn tók því til

10. gr. Tjáningarfrelsi

skoðunar hvort gætt hafi verið meðalhófs við takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn taldi að kærandi hafi fengið fjölmörg tækifæri til að fylgjast með mótmælunum á öruggan hátt á öruggu svæði lögreglu en hann hafi sjálfur tekið þá ákvörðun að slást í hóp mótmælenda. Ekki hafi verið komið í veg fyrir að hann myndaði mótmælendur eða fylgdist með því sem fram fór. Þá hafi hann sjálfur tekið þá ákvörðun að yfirgefa ekki svæðið ásamt meirihluta mótmælenda skv. fyrirmælum lögreglu. Því taldi dómstóllinn að skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hafi verið mjög takmörkuð. Þá hafi sakfelling kæranda ekki beinst gegn störfum hans sem blaðamanns heldur vegna þess að hann neitaði að fara að fyrirmælum lögreglu. Dómstóllinn tók þá til skoðunar hvort skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hafi verið nauðsynleg og hvort dómstólar hafi tekið nægjanlegt tillit til réttinda kæranda við meðferð málsins. Dómstóllinn taldi að yfirvöld hefðu í raun viðurkennt að umfjöllun um mótmælin væru fréttæfni sem ætti ríkt erindi til almennings. Þá hafi dómstólar tekið sérstakt tillit til 10. gr. sáttmálans og þeirra réttinda sem greinin tryggði kæranda. Finniskir dómstólar höfðu komist að þeirri niðurstöðu að rík nauðsyn hafi verið til að takmarka réttindi kæranda vegna almannahagsmuna, enda hafi lögregla verið að reyna að koma í veg fyrir óeirðir með aðgerðum sínum. Dómstóllinn tók einnig fram að kæranda hafi ekki verið gerð refsing vegna þeirra brota sem hann var sakfelldur fyrir og brotin hafi ekki verið skráð á sakaskrá hans. Þegar tekið væri tillit til þess svigrúms sem yrði að ljá aðildarríkjunum í þess háttar málum, þá hafi dómstólar gætt meðalhófs við matið á réttindum kæranda gegn hagsmunum ríkisins. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Tveir dómáramar skiluðu séráliti.

Mladina D.D. Ljubljana gegn Slóveníu

Dómur frá 17. apríl 2014

Mál nr. 20981/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórnmalamenn. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi er útgáfufélag í Ljubljana sem gefur út vikuritið Mladina. Í grein sem birtist í tímaritinu var þingmaðurinn S.P. harkalega gagnrýndur fyrir ummæli sín og framgöngu í umræðum á þingi. Hafði hann lýst samkynhneigðum sem almennt óæskilegum þjóðfélagshópi og undirstrikað orð sín með því að herma eftir samkynhneigðum karlmanni með leikrænu látbragði. Lýsti blaðið þingmanninum sem „vitsmunalega gjaldþrota“ sem fengi tæpast ræstingavinnu við barnaskóla. Í meiðyrðamáli sem S.P. höfðaði var kærandi var dæmdur til að greiða skaðabætur og birta hluta dómsins í vikuritinu. Töldu innlendir dómstólar ummæli ritsins hafa verið meiðandi og skorta næga stöð í staðreyndum málsins, auk þess sem orðbragðið hefði ekki þjónað þeim tilgangi að veita almennungi upplýsingar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn tjáningarfrelsi sínu skv. 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að ummælin hefðu verið viðhöfð í fjölmiðli og í samhengi við stjórn málaumræðu um málefni sem varðaði almenning en þá væru fáar takmarkanir ásættanlegar. Stjórn málaumaður þyrfti auk þess að þola meira en einkapersóna, einkum ef hann hefði sjálfur viðhaft gagnrýniverð ummæli í aðdragandanum. Í þessu samhengi áréttaði dómstóllinn að frelsi fjölmiðla tæki eftir atvikum til ýkja og jafnvel ögrana. Framkomu S.P. hefði að vísu verið lýst með giffyrirðum sem hefðu með réttu getað talist móðgandi. Hins vegar hefði lýsingin á honum falið í sér gildisdóm. Greinarhöfundur hefði gert allitarlega grein fyrir þeim staðreyndum sem sá dómur væri reistur á og síðan lagt út af þeim á hátt sem dómstóllinn taldi líkingakenndan. Í áköfum skoðanaskiptum, þar sem hvorugur hefði haldið aftur af sér, taldi dómstóllinn ummælin fremur lýsa heitri andstöðu en staðreyndabundnu mati á gáfnafari þingmannsins.

Í ofangreindu ljósi bæri að álíta ræðu og framferði S.P. gefa næga stoð fyrir ummælunum. Auk þess fælist í þeim andóf við ummælum S.P. sjálfs sem telja mætti háð sem ýtti undir neikvæðar staðalímyndir. Loks hæfðu þau ekki aðeins hinum ögrandi ummælum S.P. heldur einnig þeim stíl sem hann hefði fært þau í. Orðbragð sem félli utan verndar tjáningarfrelsisins, væri það viðhaft til þess eins að móðga, kynni að njóta verndar, væri því beitt sem stílbragði. Í ljósi samhengis og stíls greinarinnar taldi dómstóllinn ekki um tilefnislausu persónuárás að ræða. Innlendir dómstólar hefðu þannig ekki á sannfærandi hátt sýnt fram á einhverja brýna þjóðfélagsþörf til að láta vernd mannorðs S.P. ganga framár tjáningarfrelsi kæranda. Nauðsyn hefði því ekki borið til skerðingar þess í lýðræðislegu þjóðfélagi og því verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi áfellsdóminn fela í sér nægilegar miskabætur en kæranda voru dæmdar 2921 evrur í bætur vegna fjártjóns.

Brosa gegn Þýskalandi

Dómur frá 17. apríl 2014

Mál nr. 5709/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórn málamenn. Gildisdómar.

1. Málsvik

Kærandi, Ulrich Brosa, er þýskur ríkisborgari fæddur árið 1950 og búsettur í Amöneburg. Fyrir bæjarstjórakosningar árið 2005 samdi hann og dreifði bæklingi þess efnis að í bænum störfuðu nokkur nýnasistasamtök. Réði hann kjósendum frá að kjósa bæjarráðsmanninn F.G., sem hann kvað koma fram fyrir sérstaklega

hættuleg samtök. Vísaði hann til svargreinar, þar sem F.G. bar til baka staðhæfingar í blaðaskrifum kæranda um að samtökin hneigðust til hægriöfga.

Að beiðni F.G. féllst héraðsdómur á lögbann við að kærandi dreifði bæklingnum eða héldi fram á öðrum vettvangi að F.G. væri stuðningsmaður nýnasistasamtaka. Voru staðhæfingar bæklingsins taldar brjóta gegn persónuréttindum F.G. en fullyrðingin um að F.G. hefði breitt yfir nýnasistasamtök var ekki talin eiga næga stöð í staðreyndum. Lögbannið var staðfest og áfrýjunum til æðri dómstiga og stjórnlagadómstóls vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi lögbannið hafa brotið gegn tjáningarfrelsi sínu skv. 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Óumdeilt var að lögbannið hefði skert tjáningarfrelsi kæranda, að sú skerðing hefði verið lögmælt og að hún hefði stefnt að því lögmæta markmiði að vernda mannorð eða réttindi annarra í skilningi 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Um nauðsyn hennar í lýðræðisþjóðfélagi benti dómstóllinn á að með dreifingu bæklingins hefði kærandi tekið þátt í stjórn málaumræðu. F.G. hefði verið bæjarfulltrúi og í framboði til bæjarstjórnar en samkvæmt framkvæmd dómstólsins væru mörk ásættanlegrar gagnrýni rýmri þegar hún beindist gegn stjórn málamönnum en að einkapersónum. Enn fremur hefði bæklingurinn verið gefinn út í aðdraganda bæjarstjórnarkosninga. Hann hefði því verið pólitísks eðlis og snúist um málefni sem varðaði almenning á umræddum tíma.

Hvað varðaði fullyrðingu kæranda um tengsl við sérstaklega hættuleg nýnasistasamtök, þá hefði komið fram fyrir innlendum dómi að leyniþjónusta landsins hefði haft samtökin undir eftirliti vegna gruns um öfgatilhneigingar. Dómstóllinn undirstrikaði einnig að hugtakið „nýnasisti“ gæti vakið með lesendum ólíkar hugmyndir um inntak þess og þýðingu. Í hugtakinu fælist því greinilegur gildisdómsþáttur sem eðli málsins samkvæmt væri ekki unnt að sanna. Enda þótt innlendir dómstólar hefðu í raun komist að þeirri niðurstöðu að skoðanir kæranda væru ekki verið tilhæfulausar, hefðu þeir nánast gert jafn strangar sönnunarkröfur og venjulega í sakamálum. Tæpast væri rétt að gera slíkar kröfur um skoðanir manna á málefnum sem vörðuðu almenning. Kröfur þýskra dómstóla um sönnun staðreynda hefðu því gengið fram úr hófi.

Um þá fullyrðingu kæranda að F.G. kæmi fram fyrir samtökin benti dómstóllinn á að almenningur hefði getað áttað sig á að þar hefði kærandi vísað til skrifa í yfirstandandi ritdeilu þeirra F.G. Þýskir dómstólar hefðu hins vegar túlkað orðin á þrengjandi hátt, líkt og F.G. hefði verið vændur um að þekkja til og styðja nýnasisma samtakanna. Innlendir dómstólar hefðu því fjallað um ummæli kæranda sem staðhæfingu um staðreyndir er skort hefðu nægilega stöð í málsatvikum.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn taldi hins vegar næga stoð hafa falist í blaðaskrifum F.G. Þar sem um hefði verið að ræða stjórnámamann og kosningabaráttu hefði gagnrýni kæranda verið innan ásættanlegra marka.

Niðurstaða dómstólsins var sú að með óhóflegum sönnunarkröfum hefðu þýskir dómstólar ekki gætt eðlilegs jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem vógust á. Ekki hefði verið sýnt fram á nauðsyn þess að láta vernd persónuréttinda F.G. ganga framar rétti kæranda til tjáningarfrelsis. Hefði því verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 3000 evrur í miskabætur og 2683 evrur í málskostnað.

Taranenko gegn Rússlandi

Dómur frá 15. maí 2014

Mál nr. 19554/05

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

10. gr. Tjáningarfrelsi

11. gr. Funda og félagafrelsi

Mótmælendur. Óeirðir. Handtaka. Varðhald.

1. Málsatvik

Kærandi var handtekin í desember 2004 þegar hún tók þátt í mótmælum gegn stefnu forseta Rússlands. Hún hafði verið í hópi mótmælenda sem braut sér leið gegnum öryggisgæslu við skrifstofur forsetans og læstu sig inni í einni af skrifstofum byggingarinnar. Þar dreifðu mótmælendur bæklingum út um glugga skrifstofunnar og veifudu mótmælafánum. Hún var ákærð fyrir að hafa tekið þátt í óeirðum og var haldið í varðhaldi í eitt ár. Hún var svo dæmd til 3 ára skilorðsbundinnar fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að handtakan og fangelsisvistin í kjölfar hennar hafi brotið gegn tjáningarfrelsi hennar sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans og gegn 11. gr. sáttmálans um funda og félagafrelsi.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að frelsissvipting kæranda og vistun hennar í fangelsi hafi falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hennar skv. 10. gr. sáttmálans að teknu tilliti til 11. gr. sáttmálans um funda og félagafrelsi. Mælt hafi verið fyrir um takmörkunina í lögum og hún hafi verið gerð í þeim lögmæta tilgangi að koma í veg fyrir óeirðir meðal almennings og til verndar réttindum annarra borgara. Dómstóllinn tók þó fram að kærandi hafi verið þáttakandi í mótmælum þar sem reynt hafi verið að vekja athygli á stefnu forseta landsins og krafist hafi verið afsagnar hans. Þetta væri umfjöllunarefni sem erindi ætti til almennings sem innlegg í stjórn-

10. gr. Tjáningarfrelsi

málaumræðu í landinu. Mótmælin fóru fram við skrifstofur forsetans sem voru að stórum hluta opnar almenningi en þeir sem vildu komast inn þurftu þó að fara í gegnum öryggishlið. Mótmælendur höfðu neitað að fara að fyrirmælum öryggisvarða, rutt sér leið framhjá öryggisvörðum og inn í bygginguna þar sem þau læstu sig inni í skrifstofu. Slík hegðun hafi kallað á aðgerðir lögreglu og því hafi verið réttlæt看legt að fjarlægja mótmælendur af vettvangi við slíkar aðstæður.

Því næst tók dómstóllinn til umfjöllunar hvort sú langa varðhaldsvist sem kærandi þurfti að sæta og sá fangelsisdómur sem hún hlaut hafi verið réttlæt看leg þegar tekið væri mið af markmiði frelsissviptingarinnar og kröfum um meðalhóf við slíkar ráðstafanir. Sakfelling kæranda fyrir dómi var að hluta byggð á skilaboðum sem mótmælendur vildu koma á framfæri og var hún m.a. ákærð fyrir að hafa dreift bæklingum sem gagnrýndu forsetann og fyrir að hafa krafist afsagnar hans á ólögmatan hátt. Þó yrði að líta til þess að dómurinn var ekki eingöngu byggður á tjáningu kæranda heldur hefði önnur háttsemi hennar einnig verið til umfjöllunar. Þátttakendur í mótmælunum höfðu komið að byggingu forsetans í þeim tilgangi að afhenda undirskriftalista þar sem stefnu hans var mótmælt og til þess að tala við fréttamenn. Mótmælendur voru ekki vopnaðir og höfðu ekki beitt ofbeldi í aðgerðum sínum að öðru leyti en að ýta öryggisvörðum úr vegi til að komast inn í bygginguna. Þó að mótmælendur hafi margir gerst sekir um eignaspjöll var ekki sýnt fram á að kærandi hafi átt þar hlut að máli eða gerst sek um önnur sambærileg brot. Þá hafi allir sakborningar í málinu greitt bæt看ur fyrir það tjón sem hlaut af háttsemi þeirra áður en dómur féll í málinu.

Dómstóllinn taldi enga réttlæt看lega ástæðu fyrir fangelsisvist kæranda og þeim þunga dómi sem hún hlaut fyrir rússneskum dómstólum. Þessi óvægna málsmeðferð hafi haft letjandi áhrif á pólitíska umræðu og yrði ekki talin nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Því væri um brot gegn 10. gr. og 11. gr. sáttmálans að ræða. Þá taldi dómstóllinn einnig að brotið hafi verið gegn 3. mgr. 5. gr. sáttmálans við ákvörðum um vistun kæranda í fangelsi fram að uppkvaðningu dóms.

Dómstóllinn dæmdi rússneska ríkið til að greiða kæranda 12.500 evrur í bæt看ur.

Baka gegn Ungverjalandi

Dómur frá 27. maí 2014

Mál nr. 20261/12

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Embættissmissir. Réttur til aðgangs að dómstólum. Stjórnarskrárbreytingar.

Mustafa Erdogan o.fl. gegn Tyrklandi

Dómur frá 27. maí 2014

Mál nr. 346/04 og 39779/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðingar. Dómarar. Umræða um almannahagsmuni. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærendur höfðu verið dæmdir til greiðslu bóta vegna ærumeiðinga um þrjá dómara stjórnlagadómstóls Tyrklands. Erdogan, sem er prófessor í stjórnskipunarrétti, birti grein þar sem ákvörðun stjórnlagadómstóls landsins um að banna ákveðin stjórnmalasamtök var harðlega gagnrýnd. Í greininni taldi hann að dómarrar stjórnlagadómstólsins hefðu ekki verið hæfir til að taka ákvörðun í málinu og hafi verið hlutdrægir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að dómurinn yfir þeim fæli í sér brot á tjáningarfrelsi þeirra, sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að dómurinn yfir kærendum hafi vissulega falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra. Sú takmörkun hafi verið lögbundin og stefnt að því að vernda réttindi og æru annarra borgara. Þó tók dómstóllinn fram að umfjöllunarefni greinarskrifanna hafi átt mikið erindi til almennings, þar sem fjallað var um dómstóla landsins, en slík umræða væri í eðli sínu mikilvæg í hverju lýðræðisþjóðfélagi. Þrjár dómarrar við stjórnlagadómstól landsins höfðuð meiyrdamalið gegn kærendum. Þó að ekki yrði fullyrt um að þeir mættu eiga von á jafn óvæginni gagnrýni og t.d. stjórnmalamenn, taldi dómstóllinn að þeir yrðu að þola málefnalega gagnrýni vegna starfa sinna. Þó tók dómstóllinn fram að mikilvægt væri að dómstólar nytu trausts almennings í samfélaginu og því gæti verið nauðsynlegt að veita dómurum sérstaka vernd gegn ómálefnalegum árásum sem miðuðu að því að sverta mannorð þeirra, sérstaklega þegar lítið væri til þess að dómarrar mættu jafnan ekki svara slíkri gagnrýni á opinberum vettvangi.

Í málinu höfðu dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að ákveðin ummæli í greininni hefðu farið út fyrir mörk málefnalegar gagnrýni og hafi falið í sér ærumeiðingar gagnvart dómurunum. Dómstóllinn taldi að orðalag greinarinnar væri vissulega gróft og í sumum tilvikum jafnvel móðgandi. Ummælin hefðu hins vegar fyrst og fremst falið í sér gildisdóma höfundar sem byggðir væru á pólitískri skoðun hans og skoðunum hans á lögfræðilegum málefnum. Greinin var rökstudd með vísan til fyrri dóma stjórnlagadómstólsins og niðurstöðu hans um að banna ákveðin stjórnmalasamtök en sá dómur hafði vakið miklar deilur í samfélaginu. Því væri hægt að færa rök fyrir því að ummælin í greininni hafi að einhverjum hluta verið reist á staðreyndum. Í málinu gegn kærendum hafi dómstólar ekki aðgreint ummæli sem byggðu á staðreyndum frá ummælum sem fólu í sér gildisdóma og virtust ekki hafa lagt mat á hvort ummælin hafi verið sett fram í góðri trú. Þá hafi ummælin ekki verið metin í heildarsamhengi greinarinnar. Dómstóllinn taldi að þegar ummælin væru virt í því samhengi sem þau voru sett fram og tillit tekið til fræðilegs eðlis greinarinnar yrði ekki séð að þau hafi falið í sér ómálefnalega árás á æru dómarranna. Því taldi dómstóllinn að dómurinn hafi falið í sér takmörkun á

10. gr. Tjáningarfrelsi

tjáningarfrelsi kæranda og að tyrkneska ríkið hafi ekki sýnt fram á að takmörkunin hafi verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Því hafi verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi tyrkneska ríkið til þess að endurgreiða kærendum þær bætur sem þeim hafði verið gert að greiða og að auki til að greiða þeim bætur að uppæð 7.500 evrum.

Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi

Dómur frá 12. júní 2014

Mál nr. 40454/07

10. gr. Tjáningarfrelsi.

Birting einkalífssupplýsinga. Opinber persóna. Fjölmiðlar.

1. Málsvik

Kærendur eru Anne-Marie Couderc, franskur ríkisborgari fædd árið 1950 sem er útgáfustjóri vikublaðsins Paris-Match, og félagið Hachette Filipacchi Associés sem gefur út blaðið.

Þann 3. maí 2005 birti enska blaðið Daily Mail staðhæfingar konu nokkurrar um að Albert Grimaldi, prinsinn af Mónakó, væri barnsfaðir hennar. Svipuð grein átti að birtast í Paris-Match og fékk prinsinn veður af því. Í kjölfarið óskaði hann eftir að þau birtu ekki greinina. Ekki var orðið við þeirri bón hans. Var greinin því birt ásamt myndum af prinsinum haldandi á barninu. Prinsinn stefndi kærendum fyrir dómstóla fyrir brot á friðhelgi einkalífs. Þann 29. júní sama ár voru prinsinum dæmdar 50.000 evrur í bætur og var útgefandanum jafnframt skylt að birta dóminn á forsíðu blaðsins ásamt titlinum „Dómsúrskurður gegn Paris-Match að beiðni Prins Alberts II af Mónakó“

Kærendur áfrýjuðu og fengu birtingu dómsins þar með frestað. Þann 6. júlí 2005 játaði prinsinn að drengurinn væri sonur hans. Áfrýjunardómstóllinn staðfesti dóminn og sektarfjárhæðina og að dómurinn væri birtur á forsíðu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur vísa til þess að aðgerðir franska ríkisins feli í sér skerðingu á tjáningarfrelsi þeirra og rétti almennings til aðgangs að upplýsingum í skilningi 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að þetta mál varðaði ekki einungis rétt almannapersónu andstætt réttindum fjölmiðla. Móðir drengsins hafði látið uppi upplýsingar í málinu og átt þátt í birtingu greinarinnar. Komu hennar hagsmunir því einnig til skoðunar.

Greinin og myndirnar vörðuðu afkomenda ríkjandi prins af Mónakó sem almenningur hafði áður ekki vitað af. Þrátt fyrir að börn fædd utan hjónabands gætu ekki erfð krúnuna, eins og stjórnarskrá Mónakóríkis var orðuð þegar greinin

10. gr. Tjáningarfrelsi

var birt, þá var tilvist drengsins ein og sér áhugaverð fyrir almenning og innlegg í umræðuna um tilvist erfðaveldisins. Þótt í hluta greinarinnar hafi verið upplýsingar um samskipti móður drengsins við prinsinn mætti ekki aðeins líta til hagsmuna þess síðarnefnda. Upplýsingarnar vörðuðu einnig móðurina og þeim mun frekar drenginn sjálfan og rétt hans til að vera viðurkenndur í samfélaginu fyrir uppruna sinn. Málið þurfti að mati dómsins sérstaklega að skoða í ljósi þess að móðirin hafði frumkvæðið að birtingu upplýsinganna og tók myndirnar sem birtar voru, með samþykki prinsins í íbúð þar sem einungis þau og sonurinn voru stödd. Einnig þurfti að líta til þess að önnur blöð birtu upplýsingarnar á sama tíma og engar ærumeiðingar eða ósannar upplýsingar voru látnar í ljós í greininni.

Að lokum tók dómstóllinn fram að dómurinn gegn kærendum hafi ekki gert neinn greinarmun á upplýsingum sem átti erindi við almenning sem hluti af upplýstri umræðu og hvað var einungis birting á upplýsingum um persónuleg málefni prinsins. Dómstóllinn fékk þó ekki séð að það svigrúm sem ríki fá við að útfæra samspil ýmissa réttinda gætu leitt til þessarar skerðingar á réttindum kærenda í nafni friðhelgis einkalífs. Var því um brot á 10. gr. sáttmálans að ræða.

Ekki var gerð krafa um bætur í málinu.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

National Union Of Rail, Maritime og Transport Workers gegn Bretlandi

Dómur frá 8. apríl 2014

Mál nr. 31045/10

11 gr. Funda- og félagafrelsi

Bann við samúðarverkföllum. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

1. Málsatvik

Kærandi er stéttarfélag með meira en 80 þúsund félagsmenn sem starfa í ýmsum greinum samgangna, m.a. við neðanjarðarlestakerfið í London. Rétturinn til samúðarverkfalla (e. *secondary industrial action*) sætti takmörkunum í Bretlandi árið 1980 og hafa slíkar aðgerðir verið ólöglegar þar í landi síðan 1990. Árið 2007 var hópur 20 félagsmanna kæranda fluttur úr starfi frá fyrirtækinu J til fyrirtækisins H. Tveim árum síðar fóru þeir í verkfall þegar skerða átti kjör þeirra til jöfnunar við aðra starfsmenn H. Eftir að verkfallið hófst gerði H þeim breytt kjaratilboð, sem þeir höfnuðu í fyrstu en áttu á endanum ekki annarra úrkosta en að samþykka.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi bannið við samúðarverkföllum hafa hindrað samúðarverkfall hjá stærra fyrirtækinu og hefði þar með rýrt árangur verkfalls félagsmanna þess hjá H. Einnig hefðu of strangar og ítarlegar lagareglur um atkvæðagreiðslur um verkföll gert vinnuveitanda kleift að fá lagt lögþann við verkfallsboðun á þeim grundvelli að starfslýsing viðkomandi starfsmanna hefði ekki verið tilgreind nægilega skýrlega. Hvort tveggja hefði torvelað sér vernd hagsmuna félagsmanna sinna. Hefði því verið brotið gegn 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Í máli þessu þurfti dómstóllinn í fyrsta sinn að skoða hvort rétturinn til samúðarverkfalla félli undir 11. gr. sáttmálans. Í máli Demir og Baykara gegn Tyrklandi hafði dómstóllinn slegið því föstu að auk sáttmálans bæri sér að taka tillit til annarra þjóðréttarreglna, túlkunar lögbærra aðila á þeim og framkvæmdar evrópskra ríkja sem endurspeglaði sameiginleg gildi þeirra. Talið var að samúðarverkföll nytu viðurkenningar og verndar samkvæmt samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunar nr. 87 og samkvæmt Félagsmálasáttmála Evrópu. Það væri því mótsagnakennt ef dómstóllinn tæki upp í samhengi 11. gr. sáttmálans miklu þrengri túlkun félaga-frelsis stéttarféлага en tíðkaðist að þjóðarétti. Auk þess hefðu mörg evrópsk ríki um langt skeið viðurkennt slíkar verkfallsaðgerðir sem löglegt form stéttarfélagabaráttu. Lögin sem bönnuðu samúðarverkföll hefðu því skert rétt kæranda til félagafrelsis.

Óumdeilt væri að sú skerðing hefði verið lögmæt. Einnig hefði bannið stefnt að því lögmæta markmiði að vernda réttindi og frelsi annarra, ekki aðeins hlutað-

11. gr. Funda- og félagafrelsi

eigandi vinnuveitanda, heldur víðtækari hagsmuni þjóðarbúsins og almennings, sem mögulega umfangsmiklar afleiddar verkfallsaðgerðir gætu raskað.

Hvað varðaði nauðsyn skerðingarinnar í lýðræðisþjóðfélagi þyrfti ekki að leysa úr því hvort líta bæri á verkfallsréttinn sjálfan sem ómissandi þátt félagafrelsisins, þannig að hvers kyns skerðing hans gengi of nærri sjálfum kjarna þess. Kærandi hefði beitt tveimur þeirra þátta félagafrelsisins sem taldir væru ómissandi, rétti stéttarfélags til tala máli félagsmanna og til að gera kjarasamninga. Dómstóllinn hafnaði því að aðildarríkjum bæri mjög lítið svigrúm til mats á þessu sviði, enda hefði skerðingin ekki vegið að sjálfum kjarna stéttarfélagafrelsisins, eins og t.d. ef stéttarfélag hefði verið leyst upp. Í tilvikum sem þessum þyrfti að meta svigrúmið í ljósi atriða eins og eðlis og umfangs skerðingarinnar, markmiðs hennar og þeirra réttinda og hagsmuna annarra einstaklinga sem óheft beiting verkfallsréttarins gæti bitnað á. Einnig gæti skipt máli hversu mikil samstaða væri meðal aðildarríkja Evrópuráðsins, svo og samhljómur á alþjóðavettvangi eins og hann endurspegladist í alþjóðlegum gerningum.

Eðli og umfang skerðingarinnar hefði ekki beinst gegn sjálfu félagafrelsi stéttarfélagsins, enda hefði félagið getað efnt til verkfalls, þótt með takmörkuðu umfangi og árangri hefði verið. Markmið skerðingarinnar hefði tengst félagslegri og efnahaglegri stefnumótun ríkisins en á því sviði veitti dómstóllinn almennt rúmt svigrúm til mats. Hvorki breytti nokkru þar um að einungis örfá Evrópuríki hefðu beinlínis bannað samúðarverkföll né neikvætt mat eftirlitsaðila á vegum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og Félagsmálasáttmála Evrópu, enda hefðu þeir skoðað málið frá öðrum og almennari sjónarhóli.

Bannið við samúðarverkföllum hefði staðið óhaggað í meira en tuttugu ár, þrátt fyrir tvenn stjórnarskipti. Það bæri vott um víðtæka pólitíska samstöðu um málið benti til að mat löggjafans á því hvernig almannahag í landinu yrði best þjónað hefði byggst á gildum og nægilegum ástæðum í skilningi 11. gr. sáttmálans.

Virt í heild sýndu málsatvik ekki að félagafrelsi stéttarfélagsins hefði verið skert á óréttmætan hátt, enda hefði félagið getað komið fram fyrir hönd félagsmanna, átt í kjaraviðræðum og efnt til verkfalls félagsmanna á vinnustað þeirra. Á þessu sviði hefði ríkið víðtækt svigrúm til mats enda lægi ekkert fyrir í atvikum málsins um að ríkið hefði takmarkað réttindi stéttarfélagsins skv. 11. gr. sáttmálans úr hófi fram. Það var því einróma niðurstaða dómsins að ekki hefði verið brotið gegn 11. gr. sáttmálans.

Taranenko gegn Rússlandi

Dómur frá 15. maí 2014

Mál nr. 19554/05

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Mótmælendur. Óeirðir. Handtaka. Varðhald.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

A.C. o.fl. gegn Spáni

Dómur frá 22. apríl 2014

Mál nr. 6528/11

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Hælisleitendur. Meðferð hælisbeiðna.

1. Málsatvik

Kærendur eru 30 hælisleitendur frá Marokkó. Þeir komu til Spánar og sóttu þar um hæli á árunum 2011 og 2012. Hælisbeiðnum þeirra var hafnað og stjórn-sýslukærum synjað. Kærendur leituðu því til dómstóla og óskuðu eftir frestun brottvísunar. Eftir að hafa lagt fyrir stjórn-sýsluna að fresta brottvísunum hafnaði innlendur dómstóll frestunarbeiðnunum.

Að beiðni kærenda, sem kváðust óttast refsiaðgerðir marokkóska yfirvalda vegna þátttöku sinnar í mótmælabúðum, lagði Mannréttindadómstóllinn á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna sinna fyrir spænsk yfirvöld að fresta framkvæmd brottvísunar kærenda meðan mál þeirra væru til meðferðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu brottvísun sína til Marokkó stefna sér í hættu á lífstjóni og/ eða ómannúðlegri og niðurlægjandi meðferð og brjóta þar með gegn 2., 3. og 5. gr. sáttmálans. Einnig töldu þeir brotið gegn 13. gr., sbr. 2. og 3. gr. sáttmálans, enda hefði þá skort raunhæf úrræði til að leita réttar síns á grundvelli 2. og 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 2., 3. og 5. gr.: Dómstóllinn taldi ótímabært að fjalla um brot gegn 2., 3. og 5. gr. sáttmálans, enda innlend réttarúrræði ekki enn tæmd.

Um 13. gr.: Dómstóllinn tók fram að það félli í hlut innlendra yfirvalda að skoða beiðnir og framlögð gögn kærenda og meta þá áhættu sem þeir stæðu frammi fyrir. Athugunarefni dómstólsins væri í grundvallaratriðum að kanna hvort til staðar væri raunhæf réttarvernd gegn gerræðislegri vísun hælisleitenda beint eða óbeint aftur til upprunalands síns meðan mál þeirra væru enn til meðferðar fyrir innlendum dómstólum.

Í máli kærenda taldi dómstóllinn ótta þeirra við afdrif sín í Marokkó við fyrstu sýn hvorki órökréttan né augljóslega illa grundaðan. Innlend yfirvöld hefðu ekki skoðað ítarlega hvort sá ótti væri á rökum reistur. Dómstóllinn kvaðst gera sér grein fyrir þörf ríkja, sem stæðu frammi fyrir miklum fjölda hælisleitenda, til að anna sem flestum málum. Dómstóllinn viðurkenndi að flýtimeðferð eins og mörg Evrópuríki hefðu tekið upp gæti auðveldað meðferð mála varðandi tilraunir til

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

misnotkunar með augljóslega ógrundaðum hælisbeiðnum. Í máli kæranda hefði hins vegar ekki liðið nema einn dagur frá því að innlendur dómstóll lagði fyrir yfirvöld að fresta brottvísuninni uns hann hefði synjað kændum um frest. Í þessu tilviki taldi dómstóllinn málsmeðferðarhraðann hafa komið í veg fyrir að kændur gætu rennt stöðum undir mál sitt en það hefði verið eini möguleiki þeirra til að fá framkvæmd brottvísunarinnar frestað. Þótt dómstóllinn viðurkenndi mikilvægi hraðrar málsmeðferðar, væri ekki rétt að flýta máli kæranda á kostnað ómissandi réttarverndar gegn brottvísun. Dómstóllinn lagði áherslu á að ekkert annað en beiting 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins hefði staðið í vegi fyrir því að kændur hefðu verið sendir aftur til Marokkó.

Auk þessa hefðu kændur búið við réttaróvissu og ótryggar horfur meðan þeir biðu endanlegrar úrlausnar mála sinna. Þegar réttarúrræðum fylgdu ekki frestunaráhrif eða synjað væri um frest í brottvísunarmálum byggðum á 2. og 3. gr. sáttmálans og dómstóllinn hefði beitt 39. gr. málsmeðferðarreglna sinna, væri það grundvallaratriði að innlendir dómstólar legðu sig fram um að komast að tímanlegri niðurstöðu. Ella væru úrræðin ekki raunhæf.

Það varð einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans.

Um 46. gr.: Með tilliti til málsatvika og þess að brotið gegn 13. gr. hefði sprettið af því að dómstólameðferðinni hefðu ekki fylgt frestunaráhrif, auk þess að hún stæði enn yfir, lagði dómstóllinn fyrir ríkið að tryggja áframhaldandi dvöl kæranda innan spænskrar lögsögu uns endanlegri niðurstöðu í málum þeirra væri náð.

14. gr. Bann við mismunun

Kirkja Jesús Krists hinna Heilögu síðari daga gegn Bretlandi

Dómur frá 4. mars 2014

Mál nr. 7552/09

9. gr. Hugsana- samvisku- og trúfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

Trúfélög. Staðir til trúariðkunar. Undanþága frá opinberum gjöldum.

1. Málsatvik

Kærandi er trúfélag sem rekur nokkra staði til trúarlegrar iðkunar í Bretlandi og tvö í svokölluðum musterum. Annað þessara mustera er í Preston. Meðlimir kirkjunnar, betur þekktir sem Mormónar, trúa því að það sé hús drottins og er það að þeirra mati meðal helgustu staða á þessari jörð. Athafnir sem þar eru framkvæmdar hafa mikla trúarlega þýðingu fyrir mormóna. Það er ein af kenni-setningum trúar þeirra að einungis þeir allra heittrúuðustu megi stíga fæti sínum inn fyrir dyr helgidómsins.

Árið 1998 var musterid í Preston skilgreint sem bygging sem notuð væri í mannúðarskyni og var þar af leiðandi einungis gert að greiða 20% af fasteignagjöldum. Beiðni um að vera algerlega undanþegin slíkum gjöldum sem opinber trúariðkunarstaður var hins vegar hafnað. Önnur bygging, sem einnig var í Preston en opin öllum, var aftur á móti skilgreind sem slík. Eftir að trúarsamtökin höfðu kvartað yfir þessu komust breskir dómstólar að þeirri niðurstöðu að til þess að geta talist opinber trúariðkunarstaður samkvæmt breskum lögum, þyrfti staðurinn að vera opin almennungi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi reisti kröfu sína á því að synjunin um að flokka musterid í Preston sem opinberan trúariðkunarstað væri mismunun á grundvelli trúarskoðunar í skilningi 14. gr., sbr. 9. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að kanna hvort málið félli undir 9. gr. til að meta hvort 14. gr. kæmi til skoðunar þar sem kæran sem laut að mismunun væri hvort eð er ekki studd efnislegum rökum. Í fyrsta lagi léki vafi á því hvort synjun um undanþágu frá fasteignagjöldum til musterisins í Preston fæli í sér mismunandi meðferð á sambærilegum tilvikum. Löggjöfinni var beitt með sama hætti í tilvikum annara trúarsöfnuða, þar á meðal í tilviki Biskupakirkjunnar að því er varðaði einkakapellur, sem henni tilheyrðu. Því til viðbótar taldi dómstóllinn kæranda ekki vera í sérstakri stöðu sökum kennissetninga um leynd yfir trúariðkunum í musterum enda byggi ýmsar aðrar trúarhreyfingar guðsdýrkun sína á leynd yfir tilteknum

14. gr. Bann við mismunun

þáttum trúarinnar.

Í öðru lagi vísaði dómstóllinn til þess að ívilnunin ætti eingöngu við opinbera trúariðkunarstaði. Hafði þessu verið komið á með lögum árið 1833 og hafi þá m.a. verið vísað til þess að það væri samfélaginu í hag að trúariðkun færi fram fyrir opnum tjöldum. Undanþágunni frá gjöldum var ætlað til að hvetja til tiltekinnna samfélagsúrþóta og því talið að ríkið hefði mikið svigrúm við mat á beitingu hennar. Beiting ríkisins á lögnum var talin hófsöm, húsnaði þar sem trúariðkunin var opin naut undanþágunnar og niðurstaðan var sú sama hver sem trú umsækjenda var.

Því var ljóst að þrátt fyrir að aðferð við gjaldlagninguna væri hugsanlega mismunandi í sambærilegum aðstæðum hefði sú meðferð verið réttmæt og meðalhófs verið gætt. Því var ekki um brot á 14. gr. að ræða.

41. gr. Sanngjarnar bætur

Kýpur gegn Tyrklandi

Dómur frá 12. maí 2014

Mál nr. 25781/94

41. gr. Sanngjarnar bætur

Tjón vegna hernaðaraðgerða. Fyrning. Bætur til hagsbóta fyrir borgara.

1. Málsatvik

Í dómi sínum þann 10. maí 2001 í fyrra máli Kýpur gegn Tyrklandi komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tyrkneska ríkið hefði brotið gegn fjölmörgum ákvæðum sáttmálans með hernaðaraðgerðum sínum á norðurhluta eyjarinnar Kýpur í júlí og ágúst 1974 og með aðgerðum stjórnvalda tyrkneska hluta eyjarinnar í framhaldi þess. Í dóminum frá 2001 tók dómstóllinn fram að ekki væri tímabært að taka afstöðu til bótakröfunnar í málinu og var því ákvörðun um bætur frestað á þeim tímapunkti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kýpverska ríkið krafðist skaðabóta frá tyrkneska ríkinu, fyrir hönd íbúa sinna, vegna þeirra brota sem framin höfðu verið gegn borgurum þess og staðfest voru með dómi Mannréttindadómstólsins 10. maí 2001.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort kröfur kýpverska ríkisins hefðu fallið niður sökum tómlætis eða fyrningar. Við það tækifæri tók dómstóllinn fram að Mannréttinasáttmálinn, þrátt fyrir sérstakt eðli hans, væri alþjóðasamningur og yrði því að túlkast í samræmi við þau viðmið og venjur sem giltu um slíka samninga. Í þjóðarrétti væri viðurkennd sú skylda samningsaðila að leita án tafar leiða til þess að leiða til lykta allan réttarágreining milli aðila og forðast að slíkur ágreiningur verði gagnaðilanum til tjóns.

Upphaf þessa máls má rekja aftur til ársins 1994 en þá var kærendum, samkvæmt reglum sem giltu um framlagningu kæra hjá Mannréttindadómstólnum, ekki gert skylt að gera grein fyrir bótakröfum sínum strax við upphaf máls. Í bréfi sem sent var til kæruaðila 29. nóvember 1999 var sérstaklega mælt fyrir um að ekki ætti að leggja fram bótakröfur á þessu stigi málsins. Í dómi Mannréttindadómstólsins 10. maí 2001 var ákvörðun um bótagreiðslur á grundvelli 41. gr. sáttmálans frestað og aðilum málsins ekki sett tímamörk til að setja fram bótakröfur sínar.

Þá seinkun sem varð á framgangi málsins má m.a. rekja til þess að málið hlaut áframhaldandi umfjöllun á vettvangi ráðherranefndar Evrópuráðsins til þess að tryggja að deiluaðilar efndu skuldbindingar sínar samkvæmt dóminum frá 10. maí 2001. Dómstóllinn taldi óumdeilt að með fyrri dóminum hafi verið gert ráð

41. gr. Samngjarnar bætur

fyrir því að úrskurðað yrði um greiðslu bóta vegna málsins á seinni stigum og að aðilar hafi ekki geta vænst þess að málið yrði látið niður falla. Þá hafi kýpverska ríkið aldrei fallið frá því að gera slíkar kröfur en hafi þvert á móti ítrekað þann rétt sinn í bréfi 31. ágúst 2007. Þá tók dómstóllinn fram að málsmeðferð ráðherra-nefndar Evrópuráðsins útilokaði ekki að dómstóllinn tæki málið til sérstakrar umfjöllunar, enda væri dómstóllinn í eðli sínu óbundinn af þeirri málsmeðferð. Því taldi dómstóllinn að kæran væri tæk til meðferðar.

Dómstóllinn tók fram að 41. gr. sáttmálans ætti, eðli sínu samkvæmt, ekki við í milliríkjadeilum en ætti að tryggja greiðslu bóta til einstaklinga. Dómstóllinn taldi þó að í tilvikum þar sem brot eins ríkis gegn ákvæðum sáttmálans kæmi niður á borgurum annars ríkis gæti það ríki sótt bætur fyrir hönd þeirra borgara sem urðu fyrir skaða. Þó yrði að taka hvert slíkt mál til sérstakrar skoðunar og taka tillit til allra málsatvika og sérstaklega hvort hægt væri að afmarka skýrlega þann hóp íbúa ríkisins sem orðið hefði fyrir skaða vegna brota á sáttmálanum. Þó yrði alltaf að hafa í huga að eðli Mannréttindasáttmálans væri að vernda réttindi einstaklinga og því yrði að tryggja að bætur sem greiddar væru til ríkis rynnu á endanum til þeirra einstaklinga sem urðu fyrir skaða. Í þessu máli hafði kýpverska ríkið tilgreint sérstaklega þann hóp einstaklinga sem orðið hafði fyrir tjóni vegna brota tyrkneska ríkisins á ákvæðum sáttmálans. Þá væri bótakrafan ekki gerð til hagsbóta fyrir ríkið sjálft, heldur ættu allar bætur að renna til þeirra borgara sem urðu fyrir tjóni.

Dómstóllinn taldi því að tyrkneska ríkið skyldi greiða kýpverska ríkinu 90.000.000 evrur í bætur vegna brota gegn ákvæðum sáttmálans samkvæmt dóminum frá 10. maí 2001. Kýpverska ríkið skyldi úthluta bótum til þeirra borgara sem orðið höfðu fyrir tjóni vegna umræddra brota.

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Bittó o.fl. gegn Slóvakíu

Dómur frá 28. janúar 2014

Mál nr. 30255/09

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Fasteignaeigendur. Löggjöf um leigu. Skyldur ríkis til að gera almennar ráðstafanir.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Bittó o.fl. gegn Slóvakíu
Dómur frá 28. janúar 2014
Mál nr. 30255/09

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar
Fasteignaeigendur. Löggjöf um leigu. Skyldur ríkis til að gera almennar ráðstafanir.

1. Málsatvik

Kærendur eru 21 slóvakískur ríkisborgari, fæddir á árunum 1923 til 1977 og allir búsettir í Slóvakíu utan einn í Tékklandi. Þeir eru eigendur eða meðeigendur íbúðarhúsnæðis í Bratislava og Trnava sem fellur eða hefur fallið undir regluvætt leigustýringarkerfi. Höfðu sumir þeirra endurheimt íbúðir sem teknar höfðu verið eignarnámi eða sætt takmörkun eignarráða á dögum kommúnistastjórnarinnar í Tékkóslóvakíu en aðrir höfðu fengið íbúðir sínar að gjöf eða í arf frá ættingjum sem höfðu endurheimt þær. Öðluðust flestir þeirra eignarrétt sinn á síðasta áratug 20. aldar. Í flestum íbúðunum voru leigjendur, sem illmögulegt var að losna við og sem greiddu hinum nýju eigendum leigu samkvæmt reglum stjórnvalda. Kærendur kvörtuðu yfir því að leigan væri ekki nema brot af leigu á opnum leigumarkaði og hrykki ekki einu sinni fyrir viðhalds- og viðgerðarkostnaði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn rétti þeirra til að njóta eigna sinna í friði skv. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Enn fremur væri brotið gegn 14. gr. ásamt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ríki gætu þurft að setja reglur á sviðum á borð við húsnæðismál. Við mat á því hvort, og þá hvenær, markaðsöfl mættu ráða ferð og hvenær ríkisafskipta væri þörf þyrfti að taka tillit til flókinna þjóðfélagslegra, efnahagslegra og stjórnmálalegra álitamála. Við slíka stefnumörkun eftirléti dómstóllinn löggjafanum að meta hvað væru almannahagsmunir svo fremi það mat skorti ekki bersýnilega skynsamlegan grundvöll. Ætti það einnig við, ef ekki enn frekar, á vegferð ríkja frá alræði til lýðræðis. Úrræðin yrðu þó að vera hófleg miðað við þau markmið sem stefnt væri að. Gæta þyrfti eðlilegs jafnvægis milli almannahagsmuna og verndar grundvallarréttinda einstaklingsins. Í því samhengi þyrfti dómstóllinn að komast að niðurstöðu um hvort gengið hefði verið of langt og óhófleg byrði lögð á einstaklinginn. Kynni þá ekki aðeins að vera litið til leigutekna og ríkisafskipta af samningsfrelsi og samningssamböndum á leigumarkaði, heldur einnig til þess hvort tryggt hefði verið að ekki væri geðþóttakennt eða ófyrirsjá-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

anlegt hvernig kerfið bitnaði á einstökum leigusölum. Líta þyrfti til óvissu um löggjöf, stjórnsýslu og framkvæmd yfirvalda en ríkinu beri að gera ráðstafanir sínar með góðum fyrirvara og á viðeigandi hátt sem væri sjálfum sér samkvæmt.

Óumdeilt væri að eignarréttur kæranda hefði verið skertur. Skerðingin ætti stóð í slóvakískum lögum og ekkert benti til annars en að viðkomandi lagaákvæði væru nægilega aðgengileg, skýr og fyrirsjáanleg. Einnig féllst dómstóllinn á að stefnt hefði verið að lögmætu markmiði, enda hefðu ríki rúmt svigrúm um stefnumörkun í húsnæðismálum landsmanna. Skerðingin hefði því verið bæði lögmæt og í þágu almannahags. Um það hvort gætt hefði verið meðalhófs leit dómstóllinn m.a. til þess að ætlunin var að vernda leigjendur í húsum sem fyrrum eigendur höfðu endurheimt í kjölfar gamalla misgerða í þeirra garð. Stefnt hefði verið að því að draga úr þeim byrðum sem lagðar voru á eigendurna, m.a. með því að hækka smám saman leyfilega leigu, leggja drög að afnámi leigustýringarinnar og auðvelda endurbætur á leiguhúsnæði. Á hinn bóginn hafði kerfið verið við lýði allan þann tíma sem Slóvakía hafði átt aðild að sáttmálanum, í meira en tuttugu ár. Enn fremur viðurkenndi ríkið að brestur hefði verið á að framfylgja yfirlýstri stefnu sinni um að leggja kerfið niður. Við mat á því hvort gætt hefði verið eðlilegs jafnvægis milli stríðandi hagsmuna taldi dómstóllinn sérstaklega mikilvægt að skoða raunveruleg áhrif kerfisins. Deilt var um upphæðir en dómstóllinn taldi ljóst að einstakir kærendur hefðu tapað tugum, jafnvel hundruðum þúsunda evra. Með lögum frá 2011 væri að vísu mælt fyrir um hagsbætur eigenda fram í tímann en ekki tekið á því tapi sem þeir hefðu orðið fyrir í fortíðinni.

Dómstóllinn féllst á að eftir fall kommúnistastjórnar hefði skorturinn á húsnæði á viðráðanlegu verði knúð á um að stjórnvöld reyndu að samræma eignarrétt íbúðareigendanna við félagsleg réttindi leigjendanna sem oft væru varnarlausir. En byrðunum yrði að dreifa á sanngjarnan hátt. Ekki mætti leggja byrðina af umbreytingu og umbótum í húsnæðismálum landsins á einn tiltekinn þjóðfélags hóp, sama hversu mikilvægir hagsmunir annars hóps eða samfélagsins í heild væru. Þetta ætti sérstaklega við þar sem (i) ekki væri um sérlega margar íbúðir að ræða og (ii) viðurkennt hefði verið að skipulagningar- og stefnumótunarbrestir hefðu komið í veg fyrir að kerfið væri lagt niður eins og til stóð. Ofangreint taldi dómstóllinn nægja til að komast að þeirri niðurstöðu að slóvakísk yfirvöld hefðu ekki gætt eðlilegs jafnvægis milli hagsmuna samfélagsins og verndar eignarréttar húsnæðiseigendanna. Varð það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Ekki þótti tímabært að fjalla um hagi einstakra eigenda, heldur væri rétt að á því yrði tekið við ákvörðun bóta skv. 41. gr. sáttmálans. Var þeirri ákvörðun frestað, m.a. með vísan til þess að um það kynnu aðilar að semja.

Um 46. gr.: Dómstóllinn taldi rétt að fjalla um 46. gr. sáttmálans. Á aðildar-ríkjunum hvíldi sú skylda skv. 46. gr., túlkaðri í ljósi 1. gr. sáttmálans, að grípa til viðeigandi almennra og/eða einstaklingsbundinna ráðstafana til að tryggja rétt annarra í sömu stöðu, fyrst og fremst með því að leysa þau vandamál sem hefðu leitt til niðurstöðu dómstólsins. Dómstóllinn tók fram að leigustýringarkerfið hefði

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

haft áhrif á fjölda íbúðareigenda, enda biðu fyrir dómstólnum 13 aðrar kærur frá alls 170 kændum. Enn fremur myndu þau úrræði sem gripið hefði verið til með lögum frá 2011 hvorki leggja kerfið algjörlega niður fyrr en 2017 né taka á því ástandi sem hefði ríkt fyrir 2011. Var það því niðurstaða dómstólsins að til frekari úrræða þyrfti að koma. Til að koma í veg fyrir að dæmd yrðu frekari brot gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans í framtíðinni bæri ríkinu að koma sem fyrst á skýrum og sértækum úrræðum til að bæta á sannan og raunhæfan hátt úr því broti sem dæmt hefði verið.

Ákvörðun bóta og málskostnaðar var frestað, m.a. með hliðsjón af því að aðilar kynnu að ná samkomulagi um það.

Paulet gegn Bretlandi

Dómur frá 13. maí 2014

Mál nr. 6219/08

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Útlendingar. Brot á reglum um dvalarleyfi. Upptaka eigna.

1. Málsatvik

Kærandi er íbúi Fílabeinsstrandarinnar en var ólöglegur innflytjandi í Bretlandi. Hann framvísaði fölsuðu vegabréfi við komu sína til landsins árið 2003 og fékk atvinnuleyfi í landinu. Hann stundaði vinnu fram til ársins 2007 og hafði þá safnað sér yfir 20.000 pundum í sparifé vegna vinnunnar. Þegar hann sótti um ökuskírteini 2007 framvísaði hann falsaða vegabréfinu og komst þá upp um brot hans. Hann var í kjölfarið ákærður og dæmdur til fangelsisvistar og vísað úr landi. Í dóminum var það sparifé, sem hann lagt fyrir, gert upptækt sem hluti af ávinningi af brotum hans. Kærandi mótmælti og taldi að upptakan gengi of nærri eignarrétti hans sem verndaður væri af 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmálans. Áfrýjunardómstóll féllst ekki á málsástæður hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að upptaka á sparifé hans hafi falið í sér brot á friðhelgi eignarréttar skv. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, þar sem ekki hafi verið gætt meðalhófs við skerðingu eignarréttar hans. Breska ríkið taldi að fé kæranda hafi verið gert upptækt sem ávinningur af brotum hans og gætt hafi verið meðalhófs við ákvörðun um upptökuna.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar röksemdir breska ríkisins um að kærandi hafi ekki fullreynt kæruleiðir sínar innan breska réttarkerfisins, þar sem hann hafi ekki byggt málátilbúnað sinn fyrir breskum dómstólum á ákvæðum Mannréttindasáttmálans, heldur á sambærilegum ákvæðum landslaga. Dómstóllinn

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

taldi þó að kröfur hans hefðu haft nægjanlega samsvörun við ákvæði sáttmálans og því væri kæra hans tæk til meðferðar.

Dómstóllinn taldi að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna kæranda við meðferð máls hans fyrir breskum áfrýjunardómstólum. Ákvörðun um upptöku sparifjár hans hafi um of byggst á almannahagsmunum, en þeir hagsmunir ekki metnir nægjanlega á móti friðhelgi eignarréttar kæranda sem tryggður væri með 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Því taldi dómstóllinn að brotið hafi verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi breska ríkið til að greiða kæranda 2.000 evrur á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Baka gegn Ungverjalandi

Dómur frá 27. maí 2014

Mál nr. 20261/12

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Embættississir. Réttur til aðgangs að dómstólum. Stjórnarskrárbreytingar.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Velyo Velev gegn Búlgaríu

Dómur frá 27. maí 2014

Mál nr. 16032/07

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Fangar. Gæsluvarðhald. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.

1. Málsatvik

Árið 2005 sótti kærandi, sem þá sat í gæsluvarðhaldi og beið dóms, um leyfi til að stunda nám innan fangelsisveggjanna. Umsókn hans var hafnað af fangelsis-yfirvöldum með þeim rökum að kærandi hafi áður afplánað fangelsisdóm og ætti því ekki að umgangast fanga sem væru að afplána sinn fyrsta dóm, að því gefnu að hann yrði sakfelldur í því dómsmáli sem beið úrlausnar. Kærandi kærði þessa ákvörðun til dómstóla en máli hans var vísað frá dómi á þeim grundvelli að gæsluvarðhaldsfangar ættu ekki rétt til að sækja sér menntun innan fangelsisveggjanna, heldur væri sá réttur bundinn við afplánunarfanga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi höfnun yfirvalda á umsókn hans hafi falið í sér brot á 2. gr. 1. viðauka sáttmálans um rétt hans til að afla sér menntunar.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að fangar ættu, þrátt fyrir þá frelsisskerðingu sem leiddi af vistun þeirra, að njóta annarra réttinda sem tryggð væru í Mannréttindasáttmálanum. Því ætti kærandi rétt, skv. 2. gr. 1. viðauka, til þess að sækja sér menntun innan fangelsisins. Ákvæðið legði þá skyldu á búlgarska ríkið að sjá til þess að fangar ættu greið tækifæri til þess að afla sér menntunar, m.a. með því að koma upp skólum innan fangelsisveggjanna. Til þess að takmarka þennan rétt yrði ríkið þó að sýna fram á að sú takmörkun væri fyrirsjáanleg, væri sett í lögmætu markmiði og gætt væri meðalhófs við mat á því hvort takmörkunin væri réttlætanleg. Dómstóllinn taldi vafa bundið hvort um fyrirsjáanlega takmörkun væri að ræða í þessu tilviki, þar sem lög tryggðu afplánunarföngum rétt til menntunar, en þau lög giltu jafnan um gæsluvarðhaldsfanga eftir því sem við ætti. Þessi óvissa endurspegladist í því að umsókn kæranda var hafnað með mismunandi rökstuðningi af fangelsis-yfirvöldum og dómstólum. Búlgarska ríkið réttlætti takmörkunina á rétti kæranda til menntunar á því að ekki væri ráðlegt að kærandi umgengist fanga sem væru að afplána sinn fyrsta dóm þar sem hann hefði afplánað dóm áður. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði ekki mótmælt því að umgangast aðra fanga og ekki væru skýr rök fyrir því að fangar sem afplánuðu sinn fyrsta dóm yrðu fyrir óæskilegum áhrifum af því að ganga í skóla með föngum sem hefðu áður hlotið dóm. Þá tók

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

dómstóllinn fram að kærandi hafi beðið dóms og því ekki hægt að líta svo á að hann væri „endurkomufangi“ þar sem hann yrði að teljast saklaus þar til sekt hans er sönnuð fyrir dómi. Þá tók dómstóllinn ekki undir röksemdir ríkisins um að óvissa um tímalengd gæsluvarðhalds kæranda fram að dómsuppkvaðningu ylli því að ómögulegt yrði að skrá hann í skóla. Niðurstaða dómsins var því að brotið hafi verið gegn réttindum kæranda skv. 2. gr. 1. viðauka.

Dómstóllinn dæmdi búlgarska ríkið til þess að greiða kæranda 2.000 evrur í bætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

Margus gegn Króatíu
Dómur frá 27. maí 2014
Mál nr. 4455/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis
Óvilhallur dómstóll. Réttur til að vera viðstaddur málsmeðferð. Tvöföld málsmeðferð fyrir sama brot. Stríðsglæpir.

1. Málsatvik

Kærandi er króatískur ríkisborgari, fæddur árið 1961 og afplánar fangelsisdóm í Króatíu. Sakamál var höfðað gegn honum í apríl 1993 vegna brota sem hann var talinn hafa framið sem hermaður í króatíska hernum í nóvember og desember árið 1991. Hann var m.a. sakaður um að hafa framið fjögur morð. Saksóknari felldi niður 2 af ákæruliðunum gegn honum í janúar 1996 en eftir stóðu ákætur fyrir tvö morð og fyrir að hafa veitt barni alvarlega áverka. Í janúar 1997 var málið gegn kæranda fellt niður í undirrétti. Niðurfelling málsins var byggð á lögum sem tóku gildi í september 1996 og veittu hermönnum sem höfðu framið brot, önnur en alvarlegustu stríðsglæpi í stríðinu á Balkanskaga, friðhelgi vegna brota sinna. Í september 2007 felldi hæstiréttur ákvörðunina um niðurfellingu málsins úr gildi með þeim rökum að kærandi hefði framið umrædd brot eftir að herskyldu hans lauk. Því hefði verknaðurinn ekki verið í nægjanlegum tengslum við hernaðará-tökin en það var skilyrði þess að menn hlytu friðhelgi samkvæmt lögnum. Mál var höfðað gegn kæranda í apríl 2006 vegna þeirra stríðsglæpa sem hann var talinn hafa framið í nóvember og desember 1991, m.a. fjögur morð og fyrir að hafa slasað barn alvarlega. Ákæran náði til sömu brota og fyrri ákæran hafði fjallaði um.

Í undirrétti var mál hans flutt fyrir 3 dómurum en einn þeirra hafði setið í dómnum sem tók ákvörðun um að fella niður málið gegn kæranda í janúar 1997. Við málflutninginn var kæranda vísað úr dómsalnum eftir að hafa í tvígang truflað lokaræðu saksóknara í málinu.

Í mars 2007 var kærandi sakfelldur fyrir brotin og dæmdur til 14 ára fangelsis-vistar. Fangelsisdómur hans var lengdur í 15 ár í hæstarétti. Í dómi hæstaréttar var tekið fram að kærandi væri sakfelldur fyrir sömu brot og fyrra dómsmál hans fjallaði um en ákæran í seinna málinu náði til mun fleiri brota og byggði auk þess á þeirri málsástæðu að kærandi hafi brotið gegn alþjóðalögum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að þar sem sami dómari hafi fjallað um mál hans í dómsmálinu árið 1997 og í seinna máli gegn honum hafi réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

skv. 6. gr. sáttmálans verið brotinn. Þá hefði hann ekki fengið að vera viðstaddur lokaræður saksóknara og verjanda í málinu sem hafi einnig falið í sér brot á 6. gr. Hann taldi einnig að mál hans hafi fengið tvöfalda málsmeðferð fyrir dómstólum sem bryti gegn 4. gr. 7. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort dómstóllinn í máli kæranda hafi verið óvilhallur. Dómstóllinn taldi að þó sami dómari hafi setið í máli kæranda árið 1997 og 2006, hafi hann ekki tekið ákvörðun um sekt kæranda í fyrra málinu og ekki lagt mat á sönnunargögn í málinu. Ekki væri ástæða til að efast um óhlutdrægni hans og taldi því dómstóllinn að ekki hafi verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Hvað varðaði brottvikningu kæranda úr dómsalnum þá taldi dómstóllinn að þó að sakborningar hefðu ríkan rétt til þess að vera viðstaddir málflutning í málum þeirra, hefði kærandi ítrekað truflað málflutninginn og því hafi verið réttlætjanlegt að víkja honum úr dómsal. Þá hafi lögmaður hans verið viðstaddur allan málflutninginn og haft tækifæri á að koma sjónarmiðum hans á framfæri. Því hafi brottvikningin ekki falið í sér brot gegn 6. gr. sáttmálans.

Um 4. gr. 7. viðauka: Dómstóllinn benti á að kærandi hafi verið sóttur til saka fyrir sömu brot í dómsmálunum 1997 og 2006. Dómstóllinn tók fram að samkvæmt fyrri fordæmum dómsins fæli ákvörðun saksóknara um að falla frá málssókn ekki í sér ákvörðun um sekt eða sakleysi sakbornings. Því gæti 4. gr. 7. viðauka ekki átt við um þau brot sem saksóknari hafi fellt niður í desember 1996. Hvað varðaði þau brot sem eftir stóðu og fjallað var um í dóminum 1997, þá tók dómstóllinn fram að kæranda hafi verið veitt friðhelgi vegna alvarlegra brota hans gegn mannréttindum annarra sem væru vernduð m.a. af 2. gr. og 3. gr. mannréttindasáttmálans. Dómstóllinn tók fram að umrædd ákvæði sáttmálans væru ein af mikilvægustu ákvæðum hans og í fyrri dómum dómstólsins hafi verið lögð áhersla á að mönnum yrði ekki veitt friðhelgi vegna slíkra brota. Þó að mál kæranda fjallaði ekki sem slíkt um brot gegn 2. gr. eða 3. gr. sáttmálans, heldur um 4. gr. 7. viðauka, yrði að meta ákvæði hans í samhengi. Dómstóllinn tók einnig fram að í þjóðarétti væri aukin tilhneiging til þess að telja að ekki væri hægt að veita friðhelgi vegna alvarlegra brota gegn mannréttindum.

Dómstóllinn vísaði til þess að Mannréttindadómstóll Ameríku hafi komist að þeirri niðurstöðu að veiting slíkrar friðhelgi samræmdest ekki skyldum ríkja að þjóðarétti til að rannsaka og refsa fyrir slík brot og að Mannréttindanefnd SP hafi m.a. ályktað gegn því að friðhelgi yrði veitt vegna brota á mannréttindum. Því taldi dómstóllinn að króatískum yfirvöldum hafi borið skylda til þess að sækja kæranda til saka fyrir þau brot sem hann var talinn hafa framið og að það hafi ekki falið í sér brot gegn 4. gr. 7. viðauka sáttmálans, þegar tekið væri tillit til annarra ákvæða hans, sérstaklega 2. gr. og 3. gr.

Nokkrum sérálitum var skilað í málinu.

Nykänen gegn Finnlandi

Dómur frá 20. maí 2014

Mál nr. 11828/11

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis
Skattamál. Ne bis in idem. Tvöföld viðurlög.

1. Málsatvik

Kærandi er finnskur ríkisborgari, fæddur árið 1972. Árið 2005 hófu finnsk skattayfirvöld rannsókn á þarlandu fyrirtæki. Við rannsóknina kom í ljós að kærandi hafi fengið greiddar 33.000 evrur sem arðgreiðslu út úr fyrirtækinu en ekki talið hana réttilega fram. Honum var því gert að greiða endurálagningu skatta og til viðbótar 1.700 evrur í álag vegna vangreiðslunnar. Hann mótmælti álagningunni en skattayfirvöld vísuðu kæru hans frá 25. janúar 2006 og vísuðu til þess að hann hefði gefið rangar upplýsingar til skattayfirvalda. Kærandi kærði niðurstöðu skattayfirvalda til stjórnarsýsludómstóls en dómstóllinn vísaði kæru hans frá 29. maí 2008. Hann sótti um áfrýjunarleyfi vegna málsins til æðri stjórnarsýsludómstóls en beiðni hans var hafnað 1. apríl 2009.

Þann 19. ágúst 2008 gaf saksóknari út ákæru m.a. vegna meintra skattalagabrotu kæranda. Samkvæmt ákærunni hafði hann vantalið tekjur sínar fyrir árið 2003 vegna þeirra 33.000 evra sem hann hafði fengið greiddar í arð. Hann var sakfelldur fyrir héraðsdómi vegna brotanna og dæmdur til 8 mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar. Þá var honum gert að greiða skattayfirvöldum 9.500 evrur að viðbættum vöxtum. Þann 25. mars 2010 var hann svo sakfelldur fyrir brotin af áfrýjunardómstóli og dæmdur í 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar. Kærandi sótti um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar og vísaði m.a. til þess að hann hafi þurft að þola tvöfalda refsingu en það bryti m.a. gegn 4. gr. 7. viðauka Mannréttindasáttmálans. Hæstiréttur synjaði honum um áfrýjunarleyfi 1. september 2010.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hann hafi þurft að sæta tvöfaldri málsmeðferð og refsingu vegna brotanna sem fæli í sér brot gegn *ne bis in idem* reglu 4. gr. 7. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort ákvörðun skattayfirvalda um að leggja sérstakt álag á kæranda vegna skattalagabrotu hans hafi falið í sér refsingu í skilningi 4. gr. 7. viðauka sáttmálans. Við það tilefni rifjaði dómstóllinn upp fyrri dómafordæmi og tók fram að ekki væri eingöngu unnt að taka mið af því hvort málsmeðferðin teldist refsímál samkvæmt landsrétti, heldur þyrfti að túlka hugtök 4. gr. 7. viðauka til samræmis við ákvæði 6. gr. og 7. gr. sáttmálans. Þá

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

rifjaði dómstóllinn upp þau viðmið (Engel-viðmiðin) sem sett hefðu verið með fyrri fordæmum dómsins þegar meta ætti hvort um refsímál væri að ræða. Dómstóllinn tók fram að í fyrri dómum sínum hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að skattaálag sem lagt væri á af finnskum skattfyrvöldum teldist til refsingar þar sem slík álagning væri ekki ætluð sem bótagreiðslur eða skaðabætur en ættu heldur að hafa fælingarmátt. Í þessu máli væri ekki umdeilt að skattálagið teldist refsing í skilningi 4. gr. 7. viðauka.

Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvort sömu brot hafi verið til umfjöllunar í báðum tilvikum í máli kæranda. Dómstóllinn vísaði til fyrri niðurstöðu sinnar í máli Zolotukhin gegn Rússlandi (nr. 14939/03) þar sem sett voru fram viðmið um hvernig meta eigi hvort mál hefðu verið höfðuð vegna sama sakarefnis. Í þessu máli taldi dómstóllinn óumdeilt að um sama sakarefni væri að ræða. Þá tók dómstóllinn fram að lokaniðurstaða hafi fengist í fyrra málið gegn kæranda 1. apríl 2009 þegar áfrýjunarbeiðni hans var hafnað.

Dómstóllinn tók fram að 4. gr. 7. viðauka legði bann við endurtekningu refsímála sem hefðu þegar verið til lykta leidd með lokaákvörðun dóms eða stjórnvalds. Í því fælist ekki eingöngu bann við tvöfaldri refsingu, heldur einnig bann við endurtekinni málsmeðferð. Hann tók fram að 4. gr. 7. viðauka legði ekki bann við því að tvö eða fleiri mál um sama sakarefni væru rekin samhliða að því gefnu að það mál sem er höfðuð seinna verði fellt niður þegar lokaniðurstaða fæst í fyrra málinu. Þó vísaði dómstóllinn til fyrri fordæma sinna þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki teldist um tvöfalda málsmeðferð að ræða í tilvikum þar sem mönnum hafi verið gert að greiða sektir og sæta stjórnsluviðurlögum og seinna hlotið dóm vegna sömu brota ef bein tenging hafi verið milli fyrri og seinni málsmeðferðarinnar og ekki hafi liðið of langur tími milli þeirra.

Dómstóllinn tók fram að í þessu máli hafi málsmeðferð kæranda verið á vettvangi tveggja aðskilinna stjórnvalda sem hafi ekki tengst innbyrðis. Þá hafi hvorki í niðurstöðu dómstóla eða skattayfirvalda verið tekið tillit til þeirra viðurlaga sem kærandi hafi verið beittur af öðrum stjórnvöldum vegna sakarefnisins. Í þessu tilviki hafi niðurstaða fengist í mál kæranda hjá skattayfirvöldum 1. apríl 2009 þegar honum var hafnað um áfrýjunarleyfi. Þar sem dómsmálið gegn kæranda var ekki fellt niður þegar niðurstaða lá fyrir 1. apríl 2009 var hann dæmdur tvisvar sinnum fyrir sama sakarefni og hlaut því tvöfalda refsingu. Dómstóllinn viðurkendi að þegar tvö mál væru rekin samhliða gæti verið tilviljunum háð hvenær niðurstaða fæst í hvoru máli fyrir sig. Því gætu mál manna fengið mismunandi niðurstöðu í slíkum tilvikum. Dómstóllinn taldi að um brot gegn 4. gr. 7. viðauka væri að ræða þar sem kærandi hafi þurft að þola tvöfalda málsmeðferð og sæta tvöfaldri refsingu.

Dómstóllinn dæmdi finnska ríkið til að greiða kæranda 3.000 evrur í miskabætur og til greiðslu málskostnaðar að upphæð 2.500 evrum.

Hákka gegn Finnlandi
Dómur frá 20. maí 2014
Mál nr. 758/11

4. gr. 7. viðauka - Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis
Skattamál. Ne bis in idem. Tvöföld viðurlög.

1. Málsatvik

Kærandi er finnskur ríkisborgari, fæddur árið 1952. Finnsk skattayfirvöld tóku 3 fyrirtæki til rannsóknar á árunum 2006 og 2007. Við rannsóknina kom í ljós að kærandi hafði vantalið arðgreiðslur, sem hann hafi fengið hjá öllum fyrirtækjunum, fram til skatts og var honum gert að greiða vangreiðda skatta auk skattaálags. Ákvarðanir skattayfirvalda voru teknar á tímabilinu maí til nóvember 2007 en kærandi hvorki kærði niðurstöðu skattayfirvalda né leitaði leiðréttingar. Fresturinn til að leita leiðréttingar vegna ákvarðana skattayfirvalda rann út 31. desember 2011.

Þann 3. apríl 2008 var gefin út ákæra vegna skattalagabrota kæranda og var hann sakfelldur fyrir héraðsdómi 27. júní 2008 og dæmdur til 2 ára og 7 mánaða fangelsis og til greiðslu álagsins. Þann 18. ágúst 2008 staðfesti áfrýjunardómstóll dóminn yfir honum. Kærandi áfrýjaði málinu til hæstaréttar og byggði m.a. á því að hann hafi þurft að sæta tvöfaldri málsmeðferð og refsingu í málinu. Hæstiréttur staðfesti þannig dóminn yfir honum 29. júní 2010 með þeim rökum að fresturinn til að áfrýja ákvörðun skattayfirvalda um endurálagningu og greiðslu álags rynni ekki út fyrr en 31. desember 2010 vegna álagningar ársins 2004 og 31. desember 2011 vegna ársins 2005. Því lægi ekki fyrir lokaákvörðun skattayfirvalda vegna fyrra máls hans og því ekki um tvöfalda refsingu eða málsmeðferð að ræða.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hann hafi þurft að sæta tvöfaldri málsmeðferð og refsingu vegna brotanna sem fæli í sér brot gegn *ne bis in idem* reglu 4. gr. 7. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort ákvörðun skattayfirvalda um að leggja sérstakt álag á kæranda vegna skattalagabrota hans hafi falið í sér refsingu í skilningu 4. gr. 7. viðauka sáttmálans. Við það tilefni rifjaði hann upp fyrri dómafordæmi og tók fram að ekki væri eingöngu hægt að taka mið af því hvort málsmeðferðin teldist sakamál samkvæmt landsrétti, heldur þyrfti að túlka hugtök 4. gr. 7. viðauka til samræmis við ákvæði 6. gr. og 7. gr. sáttmálans. Þá rifjaði dómstóllinn upp þau viðmið (Engel-viðmiðin) sem sett hefðu verið með fyrri fordæmum dómsins þegar meta ætti hvort um refsímál væri að ræða. Dómstóllinn tók fram að í fyrri dómum sínum hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að skattaálag sem lagt væri á af finnskum skattayfirvöldum teldist til refsingar þar sem slík álagning væri ekki ætluð sem bótagreiðslur eða skaðabætur en ættu heldur að hafa fælingarmátt.

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

Í þessu máli væri ekki umdeilt að skattálagið teldist refsing í skilningi 4. gr. 7. viðauka.

Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvort sömu brot hafi verið til umfjöllunar í báðum tilvikum í máli kæranda. Dómstóllinn vísaði til fyrri niðurstöðu sinnar í máli Zolotukhin gegn Rússlandi (nr. 14939/03) þar sem sett voru fram viðmið um hvernig meta eigi hvort mál hefðu verið höfðuð vegna sama sakarefnis. Í þessu máli taldi dómstóllinn óumdeilt að um sama sakarefni væri að ræða.

Við mat á því hvenær lokaniðurstaða hafi fengist í mál kæranda, tók dómstóllinn fram að líta yrði svo á að lokaniðurstaða lægi fyrir í máli þegar lögmæltur frestur til endurupptöku málsins eða kærufrestur væri útrunninn. Réttur manna til endurupptöku mála eftir að sá frestur væri útrunninn breytti ekki niðurstöðunni um að lokaniðurstaða lægi fyrir í málinu. Í þessu tilviki hefði lokaniðurstaða fengist í máli kæranda með dómi hæstaréttar 29. júní 2010.

Dómstóllinn tók fram að 4. gr. 7. viðauka legði bann við endurtekningu refsímála sem hefðu þegar verið til lykta leidd með lokaákvörðun dóms eða stjórnvalds. Í því fælist ekki eingöngu bann við tvöfaldri refsingu heldur einnig bann við endurtekningu málsmeðferð. Hann tók fram að 4. gr. 7. viðauka legði ekki bann við því að 2 eða fleiri mál um sama sakarefni væru rekin samhliða að því gefnu að það mál sem er höfðuð seinna verði fellt niður þegar lokaniðurstaða fæst í fyrra málinu. Þó vísaði dómstóllinn til fyrri fordæma sinna þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki teldist um tvöfalda málsmeðferð að ræða tilvikum þar sem mönnum hafi verð gert að greiða sektir og sæta stjórnáskilvöldum og seinna hlotið dóm vegna sömu brota, ef bein tenging hafi verið milli fyrri og seinni málsmeðferðarinnar og ekki hafi liðið of langur tími milli þeirra.

Dómstóllinn tók fram að í þessu máli hafi málsmeðferð kæranda verið á vettvangi tveggja aðskilinna stjórnvalda sem hafi ekki tengst innbyrðis. Þá hafi hvorki í niðurstöðu dómstóla eða skattayfirvalda verið tekið tillit til þeirra viðurlaga sem kærandi hafi verið beittur af öðrum stjórnvöldum vegna sakarefnisins. Í þessu máli hefðu bæði málin gegn kæranda verið rekin á sama tíma en hann hafi ekki áfrýjað niðurstöðu skattayfirvalda um álagningu og greiðslu álags en frestur til þess rann út 31. desember 2010 vegna tekjuársins 2004 og 31. desember 2011 vegna ársins 2005. Þegar niðurstaða hæstaréttar lá fyrir 29. júní 2010 voru því mál kæranda enn opin hjá skattayfirvöldum þar sem kærufresturinn var ekki útrunninn. Til þess að komast hjá tvöfaldri refsingu hefði kærandi því getað kært niðurstöðu skattayfirvalda áður en umræddur frestur rann út en það gerði hann ekki.

Dómstóllinn taldi því að ekki hafi verið um brot gegn 4. gr. 7. viðauka að ræða þar sem kærandi hafi ekki leitað allra leiða til að fá leiðréttingu sinna mála hjá yfirvöldum eftir að niðurstaða hæstaréttar lá fyrir í máli hans.